

## Skýrsla

### forsætisráðherra um framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2019.

Skýrsla þessi er lögð fram í samræmi við fyriræli 8. mgr. 45. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Markmið hennar er að veita Alþingi yfirsýn yfir eftirfylgni framkvæmdarvaldsins með ályktunum þingsins. Til umfjöllunar er framkvæmd þeirra ályktana Alþingis frá árinu 2019 sem kalla á viðbrögð ráðherra eða ríkisstjórnar og meðferð málefna sem þingið hefur vísað til ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra á því ári. Þá er hér einnig að finna yfirlit um sömu atriði frá árunum 2016–2018. Undanskilin eru þau málefni þar sem lög kveða á um að haga skuli skýrslugjöf til þingsins á annan hátt.

Umræddar þingsályktanir á árunum 2016–2019 voru samtals 166, þar af 53 vegna staðfestinga ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. Slíkar ályktanir eru reglubundinn þáttur í þinglegri meðferð EES-mála og fela í sér afléttingu á stjórnskipulegum fyrirvara við ákvörðun sem kallar á lagabreytingar á Íslandi. Þær hafa því nokkra sérstöðu miðað við aðrar ályktanir. Þá vísuðu þingnefndir 16 málum til ríkisstjórnarinnar. Í skýrslu þessari er þannig fjallað um samtals 182 þingmál, sem sum hver varða fleiri en eitt ráðuneyti. Samantekið er staða þeirra svo sem hér segir:

Ár	Staða ályktana/málefna*	– eftir ráðuneytum
2019	Lokið: 37 (þar af 21 v. staðfestingar)	– FOR 1, ANR 1, FRN 1, FJR 2, HRN 2, SRN 2, SRN/FJR/FJR/ANR/HRN/MRN 1, UTN 27
	Hafið: 21	– FOR 3, ANR 1, ANR/UAR 1, DMR 3, FRN 3, HRN 3, MRN 1, SRN 3, UAR 1, UTN 2
	Ekki hafið: 6	– FRN/DMR/HRN/MRN/SRN 1, FRN 1, FJR 1, MRN 2, UTN 1
	Samtals: 64	
2018	Lokið: 24 (þar af 12 v. staðfestingar)	– FOR 1, FJR 5, FRN/FJR 1, MRN 3, UTN 14
	Hafið: 10	– FOR 2, FOR/ANR/MRN 1, ANR/MRN 1, ANR 1, FJR 2, SRN 1, UAR 2
	Ekki hafið: 2	– FOR 1, MRN 1
Samtals: 36		
2017	Lokið: 17 (þar af 8 v. staðfestingar)	– FOR 1, FRN 1, FJR 2, HRN 2, SRN 1, UTN 10
	Hafið: 5	– ANR 1, DMR 1, FRN 1, HRN 1, MRN/UAR 1
	Samtals: 22	
2016	Lokið: 43 (þar af 12 v. staðfestingar)	– FOR 1, ANR 3, DMR 3, FRN 1, FJR 2, HRN 4, MRN 3, SRN 3, UAR 2, UTN 21
	Hafið: 15	– FOR 2, FOR/MRN/UAR 1, FOR/FJR/MRN/UAR/UTN/HRN 1, DMR 1, FRN 1, FJR 1, MRN 1, UAR 2, UTN 5
	Ekki hafið: 2	– FJR/HRN 1, SRN 1
	Samtals: 60	

\*Varði mál fleiri en eitt ráðuneyti er staða þess miðuð við svör viðkomandi ráðuneyta sameiginlega.

Forsætisráðuneytið aflaði upplýsinga um framangreind efni frá viðkomandi ráðuneytum í september og október 2020 og svör þeirra fara hér á eftir.

## Framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2019.

### Forsætisráðuneyti.

*Þingsályktun 19/149 um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144.*  
2. apríl 2019 – þskj. 1286.

#### *Framkvæmd lokið.*

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður með samþykki þingsályktunar 13/144 (þskj. 1456 á 144. lögb.) í tilefni af 100 ára kosningaréttarafmæli íslenskra kvenna. Megintilgangur sjóðsins er að fjármagna eða styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á alþjóðavísu.

Alþingi samþykkti í apríl 2019 þingsályktun nr. 19/149 um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands sem hefur að fullu komist til framkvæmda. Breytingarnar fólust meðal annars í því að forsætisráðherra skipaði stjórn Jafnréttissjóðs Íslands í stað Alþingis, að varsla sjóðsins og dagleg umsýsla yrði hjá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís), og að við úthlutun úr sjóðnum 2019 og 2020 yrði kallað eftir umsóknum til verkefna og rannsókna sem stuðluðu að fræðslu og forvörnum með það að markmiði að útrýma kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi.

Forsætisráðuneytið ber ábyrgð á starfsemi Jafnréttissjóðs Íslands. 100 millj. kr. voru til úthlutunar úr sjóðnum á tímabilinu 2016–2020 og hefðu þær að óbreyttu að mestu átt að falla niður 2021. Framkvæmd þessarar tilteknu þingsályktunar telst lokið en í ljósi áherslu ríkisstjórnarinnar á málaflökkinn er ráðgert að um 30 millj. kr. verði árlega til úthlutunar úr sjóðnum 2021–2025.

*Nefndarálit með frávísunartillögu um tillögu til þingsályktunar um eflingu björgunarskipaflota Landsbjargar.*  
8. apríl 2019 – þskj. 1311 á 149. lögb.

#### *Framkvæmd hafin.*

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu forsætisráðherra um áframhaldandi samstarf ríkisins og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar um kaup á þremur nýjum björgunarskipum. Tillagan gerir ráð fyrir að 150 millj. kr. árlegri fjárveitingu úr ríkissjóði í þrjú ár með fyrirvara um breytingar og samþykki Alþingis. Samhliða verði gert samkomulag við Slysavarnarfélagið Landsbjörg um fjármögnun og viðhald björgunarskipanna til lengri tíma.

*Nefndarálit með frávísunartillögu um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarnefnd um afnám stjórnarsýsluhindrana til að greiða fyrir frjálstri för innan Norðurlanda.*  
27. maí 2019 – þskj. 1644 á 149. lögb.

#### *Framkvæmd hafin.*

Þingsályktunartillagan barst frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Í henni var lagt til að Alþingi ályktaði að fela forsætisráðherra að skipa ráðgjafarnefnd um afnám stjórnarsýsluhindrana til að greiða fyrir frjálstri för einstaklinga og fyrirtækja innan Norðurlanda með því að efla og samræma starf stjórnarsýslunnar og annarra aðila á þessu sviði. Í nefndaráliti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar var lagt til að málinu yrði vísað til forsætisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlandanna.

Þó nokkurt samstarf er milli ráðuneyta á Norðurlöndum þar sem stefnt er að samræmdum reglum og að ekki verði misræmi í löggjöf milli landanna. Í norræna stjórnarsýsluhindranaráðinu, þar sem Ísland á fulltrúa, eru einstök tilfelli stjórnarsýsluhindrana tekin til skoðunar og

úrþóta. Þá er starfandi ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur sem heyrir nú undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Loks má nefna að í eyðublaði um mat á áhrifum laga-setningar, sbr. 1. og 10. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna frá 10. mars 2017, er gert ráð fyrir að lagt sé mat á áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri. Unnið verður áfram að því að efla og samþætta vinnu á vegum ráðuneytanna og í samstarfi við önnur Norðurlönd og að einfalda regluverk eins og kostur er.

*Þingsályktun 16/150 um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023.*

16. desember 2019 – þskj. 762.

*Framkvæmd hafin.*

Forsætisráðherra lagði fram tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar Íslands í jafnréttismálum skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, og var hún samþykkt á Alþingi í árslok 2019. Framkvæmdaáætlunum í jafnréttismálum er ætlað það hlutverk að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa verkefnum sem ýmist er ætlað að varpa ljósi á stöðu kynjanna eða fela í sér beinar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis. Þingsályktunin var lögð fram að fengnum tillögum ráðuneyta auk þess sem hliðsjón var höfð af umræðum á jafnréttisþingi, sbr. 10. gr. laganna. Í framkvæmdaáætluninni eru 24 aðgerðir frá öllum ráðuneytum sem allar eru tengdar heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Er það í fyrsta sinn sem heimsmarkmiðin eru tengd með beinum hætti framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum.

Fylgja á framkvæmdaáætluninni eftir með markvissum hætti og er nú unnið er að sérstöku mælaborði sem ætlað er að draga fram stöðuna á einstaka aðgerðum framkvæmdaáætlunar og er gert ráð fyrir að mælaborðið verði birt á vef Stjórnarráðsins haustið 2020.

### **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.**

*Þingsályktun 40/149 um aðgerðaáætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna.*

19. júní 2019 – þskj. 1924.

*Framkvæmd hafin.*

Með ályktuninni ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun í 17 liðum sem miðar að því að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Þingsályktunartillagan var lögð fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru. Í þingsályktuninni kemur fram að ráðherra skyldi flytja Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar fyrir 1. nóvember 2019 og kynna hana fyrir atvinnuveganefnd. Í byrjun nóvember 2019 var framangreind skýrsla lögð fram á Alþingi þar sem gerð var grein fyrir framgangi áætlunarinnar og stöðu einstakra aðgerða (þskj. 459 á 150. lögþ.). Sérfræðingar ráðuneytisins hafa komið á fund atvinnuveganefndar og gert grein fyrir stöðu aðgerða.

Fjórtán aðgerðum áætlunarinnar er nú þegar lokið eða hefur verið hrundið af stað og teljast til lengri tíma verkefna. Fyrirhugað er að þremur aðgerðum til viðbótar verði lokið fyrir 1. desember 2020.

*Þingsályktun 50/149 um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.*  
2. september 2019 – þskj. 2067.

*Framkvæmd lokið.*

Með ályktuninni ályktaði Alþingi að við þingsályktun nr. 26/148 bættist nýr töluliður, svohljóðandi: „Ekki verður ráðist í tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands um sæstreng nema að undangengnu samþykki Alþingis. Skal það samþykki liggja fyrir áður en framkvæmdir sem varða slíka tengingu geta farið á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Til grundvallar ákvörðun um tengingu með sæstreng skal liggja heildstætt mat á umhverfis-, samfélags- og efnahagslegum áhrifum slíkrar tengingar og framkvæmda vegna hennar.“

Kom þingsályktunin frá ríkisstjórninni og var hluti af þeim þingmálum sem tengdust innleiðingu á svonefndum þriðja orkupakka ESB árið 2019. Var ályktunin samþykkt á Alþingi 2. september 2019.

*Nefndarálit með frávisunartillögu um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á ráðstöfun almannaþjár við gæðastýringu í sauðfjárrækt.*  
16. desember 2019 – þskj. 756 á 150. lögþ. (sameiginlegt með umhverfis- og auðlindaráðuneyti).

*Framkvæmd hafin.*

Meiri hluti umhverfis- og samgöngunefndar vísaði tillögunni til ríkisstjórnarinnar. Tillagan tengdist þeirri vinnu sem þegar var hafin á þessu sviði vegna laga um landgræðslu, nr. 155/2018, sem samþykkt voru á Alþingi 14. desember 2018. Landgræðslan vinnur að mótun tillagna að viðmiðum fyrir sjálfbæra landnýtingu í samræmi við 11. gr. laganna. Þegar viðmiðin liggja fyrir munu ráðuneytin vinna saman að samræmingu reglugerða er varðar sjálfbæra landnýtingu og gæðastýrða sauðfjárrækt. Meiri hluti nefndarinnar óskaði þess að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra mundu hlutast til um skýrslugjöf um framgang verkefnisins til umhverfis- og samgöngunefndar. Ráðgert er að senda þá skýrslu til nefndarinnar í október 2020.

#### **Dómsmálaráðuneyti (innanríkisráðuneyti til 1. maí 2017).**

*Þingsályktun 33/149 um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.*  
3. júní 2019 – þskj. 1690.

*Framkvæmd hafin.*

Árið 2018 var skipaður vinnuhópur til þess að skrifa fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður hópans, en auk þess eiga sæti í hópnum fulltrúar frá dómsmálaráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu. Skýrsluskrifum var lokið haustið 2020 og verður skýrslan send út til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks síðar á árinu 2020. Í skýrslunni er leitast við að gefa sem gleggsta mynd af því hvernig samningnum hefur verið framfylgt og varpa ljósi á ýmsar ráðstafanir sem grípa þarf til áður en samningurinn er lögfestur. Til umræðu er að útbúa landsáætlun um málefni fatlaðs fólks á Íslandi sem byggir á ákvæðum samningsins og miðar að fullri innleiðingu hans.

*Dingsályktun 41/149 um endurskoðun lögræðis laga.*

19. júní 2019 – þskj. 1925.

*Framkvæmd hafin.*

Dingsályktunin felur í sér að sérstök nefnd þingmanna vinni heildarendurskoðun á lögræðislögum, nr. 71/1997, í samráði við dómsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið. Dómsmálaráðuneytið hefur sent nefndinni upplýsingar um æskilegar breytingar á lögræðislögum og tilnefnt tengiliði til þess að veita nefndinni ráðgjöf.

*Dingsályktun 20/150 um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu.*

17. desember 2019 – þskj. 822.

*Framkvæmd hafin.*

Dingsályktunin felur í sér að dómsmálaráðherra undirbúi lagafrumvarp um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu. Í upphafi árs 2020 áttu sérfræðingar í ráðuneytinu fundi með ríkissaksóknara, héraðssaksóknara, nefnd um eftirlit með lögreglu og ríki lögreglustjóra þar sem eftirlit með lögreglu var rætt. Hófst þá vinna að frumvarpi um breytingar á lögreglulögum og þar á meðal VII. kafla laganna um kærur og kvartanir á hendur lögreglu. Frumvarpið fer í opið samráð í október 2020 og verður lagt fram á Alþingi í nóvember 2020.

**Félagsmálaráðuneyti (velferðarráðuneyti til 1. janúar 2019).**

*Nefndarálit með frávisunartillögu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna.*  
3. apríl 2019 – þskj. 1301 á 149. lögþ. (sameiginlegt með dómsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti).

*Framkvæmd ekki hafin.*

Með þingsályktunartillögunni var lagt til að ríkisstjórninni yrði falið að gera tímasetta og fjármagnaða aðgerðaáætlun til þess að styrkja stöðu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra hér á landi. Tillögurnar voru settar fram í sjö köflum og 49 liðum og innihalda aðgerðir þess til að bæta afkomu barnafjölskyldna, styðja við uppeldi og efla forvarnir. Í þingsályktunartillögunni var lagt til að ríkisstjórnin vinni slíka aðgerðaáætlun í málefnum barna.

Velferðarnefnd tók undir þau sjónarmið sem fram komu í þingsályktunartillögunni en taldi rétt að efni hennar verði nýtt við vinnu ríkisstjórnarinnar við að bregðast við athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Undirstrikaði nefndin í því sambandi almennar athugasemdir barnaréttarnefndarinnar, nr. 5/2003, um að unnin skuli aðgerðaáætlun í málefnum barna. Nefndin taldi nauðsynlegt að ríkisstjórnin vinni þá aðgerðaáætlun svo tryggja megji þverfaglegt samráð allra ráðuneyta og lagði til að tillögunni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

*Nefndarálit með frávisunartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum (stytting vinnutíma).*

29. apríl 2019 – þskj. 1428 á 149. lögþ.

*Framkvæmd ekki hafin.*

Frumvarpið var lagt fram af þingmönnum Pírata. Með frumvarpinu er lagt til að vinnutími, sem vinna ber á dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, verði stytur úr 40 dagvinnutímum í 35 dagvinnutíma. Er þannig gert ráð fyrir að í hverri viku skuli ekki vera fleiri en 35

dagvinnutímar sem vinna beri á dagvinnutímabili á virkum dögum og að jafnaði skuli unnar sjö klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags.

Í nefndaráli kemur meðal annars fram að nefndin styðji meginmarkmið frumvarpsins þess efnis að auka framleiðni og lífsgæði launafólks á Íslandi og því sé tímabært að stjórnvöld í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins vinni að því að koma til móts við kröfur um breytt fyrirkomulag á vinnu. Þar sem svo víðtækt samráð hafi ekki verið haft geti nefndin þó ekki mælt með samþykkt frumvarpsins en beini því til félags- og barnamálaráðherra að vinna markvisst að endurskoðun vinnumarkaðslöggjafarinnar með það að markmiði að auka möguleika fólks á því að koma á jafnvægi milli atvinnu- og fjölskyldulífs.

*Þingsályktun 34/149 um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda.*

3. júní 2019 – þskj. 1695.

*Framkvæmd hafin.*

Með þingsályktuninni fól Alþingi félags- og barnamálaráðherra að vinna áætlun um stofnun ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur sem verði samstarfsvettvangur milli stofnana ríkis og sveitarfélaga. Hlutverk ráðgjafarstofu væri að bjóða upp á aðgengilega ráðgjöf, leiðbeiningar og upplýsingar fyrir innflytjendur um nauðsynlega þjónustu, réttindi þeirra og skyldur. Áætlunin er unnin í samvinnu við innflytjendaráð, opinberar stofnanir, sveitarfélögin, félagasamtök og aðila vinnumarkaðarins. Gert er ráð fyrir að ráðgjafarstofan verði samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og þar geti innflytjendur sótt sér upplýsingar þvert á stjórnsýslustig á einum stað. Áætlun um opnun ráðgjafastofunnar verður kynnt fyrir velferðarnefnd Alþingis í október 2020.

*Þingsályktun 35/149 um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.*

7. júní 2019 – þskj. 1749.

*Framkvæmd hafin.*

Þingsályktunartillaga um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess var lögð fram af félags- og barnamálaráðherra en að henni standa, auk félagsmálaráðuneytisins, ráðuneyti dómsmála, heilbrigðismála og mennta- og menningarmála. Aðgerðaáætlunin tekur til ofbeldis í margþættri mynd, þar með talið líkamlegt, kynferðislegt, andlegt og ekki síst kynbundið ofbeldi. Hún byggist á þremur meginþáttum: Vakningu, sem felur í sér forvarnir og fræðslu; viðbrögðum, sem eru verklag og málsmeðferð, og valdeflingu, sem er styrking í kjölfar ofbeldis. Áætlunin tekur einnig mið af þeirri vakningu sem orðið hefur í allri umræðu um ofbeldismál, einkum í kjölfar #MeToo-byltingarinnar.

Nokkrar aðgerðir eru þegar komnar til framkvæmda, einkum er lúta að þjónustu og stuðningi við þolendur ofbeldis. Þá skipuðu félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra vorið 2020 tímabundið aðgerðateymi gegn ofbeldi í þeim tilgangi að bregðast við áhrifum COVID-19-faraldursins en á tímum efnahagsþrenginga og áfalla er viðbúið að ofbeldi aukist. Við undirbúning aðgerða var teyminu meðal annars falið að horfa til aðgerða í þingsályktuninni um aðgerðir gegn ofbeldi. og hafa nokkrar aðgerðir komið til framkvæmda í gegnum verkefni þess teymis.

Í þingsályktuninni kemur fram að áætlunina skuli endurskoða og að ný aðgerðaáætlun skuli verða lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþingi árið 2022.

*Þingsályktun 39/149 um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019–2022.*

12. júní 2019 – þskj. 1795.

*Framkvæmd hafin.*

Alþingi samþykkti 12. júní 2019 tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar til fjögurra ára, en félags- og barnamálaráðherra mælti fyrir tillögunni. Áætluninni er ætlað að efla grunnvinnslu barnaverndarmála á fyrstu stigum, stuðla að snemmtækri íhlutun, auka samvinnu ríkis og sveitarfélaga og fjölga gagnreyndum úrræðum. Félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofa og barnaverndarnefndir sveitarfélaga munu vinna samkvæmt áætluninni með það meginmarkmið barnaverndarlaga að leiðarljósi að tryggja viðunandi uppeldisskilyrði barna og að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð.

Alþingi ályktaði að unnið verði samkvæmt samþykktri framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir árin 2019–2022 þar sem lögð verði áhersla á að framkvæmdir í málefnum barna miði að því að börn verði sett í öndvegi í allri nálgun og stuðlað verði að snemmtækri íhlutun og samfelli í þjónustu.

Við gerð áætlunarinnar var byggt á nýju verklagi með virku og víðtæku samráði við helstu hagsmunaaðila um áhersluatriði og forgangsröðun verkefna. Framkvæmdaáætlunin byggist á meginmarkmiðum barnaverndarlaga um ábyrgð og skyldur ríkisins í barnaverndarmálum.

Félagsmálaráðuneytið hefur heildarumsjón með framkvæmd áætlunarinnar og einnig umsjón með tilteknum aðgerðum en Barnaverndarstofa og sveitarfélög bera ábyrgð á öðrum einstökum aðgerðum. Allar aðgerðir voru kostnaðarmetnar. Lagt verður mat á aðgerðir í samræmi við mælikvarða sem tilgreindir eru innan hvernar aðgerðar. Framkvæmdaáætlunin tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun auk annarra alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Lögð er áhersla á mannréttindi og samfélagsþátttöku barna. Framkvæmdaáætlunin tekur einnig mið af þeirri þróun sem orðið hefur í þjónustu við börn og í meðferðarúrræðum barnaverndar.

*Þingsályktun 44/149 um úttekt á fjárhagslegum áhrifum þess fyrir ríkissjóð að afnema skerðingar ellilífeyris almannatrygginga vegna tekna af atvinnu.*

20. júní 2019 – þskj. 1945.

*Framkvæmd lokið.*

Á 149. löggjafarþingi var samþykkt tillaga til þingsályktunar frá velferðarnefnd Alþingis þar sem félags- og barnamálaráðherra var falið að láta gera úttekt á fjárhagslegum áhrifum þess fyrir ríkissjóð að afnema skerðingar ellilífeyris almannatrygginga vegna tekna af atvinnu. Skyldi úttektin gerð af óháðum aðilum í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Fram kom að við mat á fjárhagslegum áhrifum skyldi meta áhrifin á bæði útgjaldahlið og tekjuhlið ríkissjóðs. Leiddi úttektin í ljós að afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna fæli ekki í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð skyldi félags- og barnamálaráðherra fyrir 1. mars 2020 leggja fram frumvarp um afnám skerðinga ellilífeyris almannatrygginga vegna tekna af atvinnu. Leiddi úttektin aftur á móti í ljós að breytingarnar fælu í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð skyldi málinu vísað til starfshóps um kjör aldra til að ræða um áhrif tekjuskurðinga almennt og hvaða leiðir séu í boði í þeim efnum.

Félagsmálaráðuneytið gerði samning við Capacent í nóvember 2019 um gerð úttektarinnar og hefur fyrirtækið skilað niðurstöðum sínum. Helstu niðurstöður eru þær að hreinn kostnaður ríkissjóðs af afnámi tekjutengingar ellilífeyris vegna atvinnutekna muni nema 2,1 milljörðum kr. Útgjöld almannatrygginga (greiðslur frá Tryggingastofnun) munu aukast um 4 milljarða

kr. en á móti munu tekjur ríkissjóðs vegna aukinnar atvinnuþátttöku eldri borgara aukast um 1,9 milljarða kr. Karlar myndu hafa meiri ábata af breytingunni en konur en skýringin á því er sú að einstaklingar með hærri atvinnutekjur myndu frekar hagnast á breytingunni en þeir sem eru með lægri atvinnutekjur, auk þess sem hærri hlutfall karla hefur tekjur af atvinnu. Þá kemur fram að hagur um 45% þeirra einstaklinga sem þegar hafa atvinnutekjur mundi ekki batna með breytingunni þar sem atvinnutekjur þeirra eru innan við skerðingarmörk eða vegna fullnýttis frítekjumarks vegna lífeyris- og fjármagnstekna. Mundi breytingin helst nýtast einstaklingum með atvinnutekjur yfir sjö millj. kr. á ári og eru með lágar lífeyris- og fjármagnstekjur. Þessir einstaklingar samkvæmt gildandi lögum fá engar ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun en myndu fá nær óskertan ellilífeyri eftir breytinguna. Er þannig gert ráð fyrir að um 36% þess kostnaðar sem félli á ríkissjóð við breytinguna væri vegna þeirra einstaklinga sem nú eiga ekki rétt á neinum bótum vegna of hárra atvinnutekna. Á fundi ríkisstjórnar Íslands 15. maí 2020 kynnti félags- og barnamálaráðherra kynnti niðurstöðuna fyrir ríkisstjórn Íslands og var þar var samþykkt tillaga hans um að vísa málinu til starfshóps um lífskjör og aðbúnað aldra til að ræða um áhrif tekjuskerðinga almennt og hvaða leiðir séu í boði í þeim efnum.

### **Fjármála- og efnahagsráðuneyti.**

*Þingsályktun 46/149 um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022.*  
20. júní 2019 – þskj. 1981.

*Framkvæmd lokið.*

Þingsályktunin byggir á 10. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sem kveður á um að leggja skuli fram tillögu til þingsályktunar um breytingar á fjármálastefnu ef grundvallarforsendur hennar bresta eða fyrirsjáanlegt er að þær muni bresta vegna efnahagsáfalla, þjóðarvár eða annarra aðstæðna, sem ógerlegt er að bregðast við með tiltækum úrræðum. Fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp byggja í meginatriðum á fjármálastefnu.

Í fjárlögum og fjármálaáætlun er að finna yfirlit yfir meðferð og framkvæmd ályktunarinnar, sbr. einnig athugasemdir sem umræddum skjölum fylgja.

*Þingsályktun 47/149 um fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024.*  
20. júní 2019 – þskj. 1982.

*Framkvæmd lokið.*

Þingsályktunin byggir á 5. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sem kveður á um að ráðherra skuli eigi síðar en 1. apríl ár hvert leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun til næstu fimm ára hið skemmsta. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020 byggist í meginatriðum á þeirri fjármálaáætlun sem þingsályktunin fjallar um.

Í fjárlögum og fjármálaáætlun er að finna yfirlit yfir meðferð og framkvæmd ályktunarinnar, sbr. einnig athugasemdir sem umræddum skjölum fylgja.

*Nefndarálit með frávisunartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (hækkun starfslokaaldurs).*

13. desember 2019 – þskj. 723 á 150. lögþ.

*Framkvæmd ekki hafin.*

Efnahags- og viðskiptanefnd vísaði því til ríkisstjórnar að framkvæma heildstæða endurskoðun á lögum og reglum um starfslokaaldur í samráði við bandalög opinberra starfsmanna

auk fleiri aðila sem kunna að hafa hagsmuna að gæta í tengslum við málið. Eins og fram kemur í nefndarálitinu eru flestir umsagnaraðilar hlynntir því að endurskoða ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sem fjalla um hámarksaldur starfsmanna ríkisins. Sjónarmið sem búa þar að baki og tillögur um breytingar eru aftur á móti af ólíkum meiði. Vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu hefur ekki auðnast að hefja þessa vinnu. Jafnframt er tilefni til að leggja mat á hvort tímabært sé að endurskoða fleiri greinar laganna og jafnvel lög in í heild sinni.

### **Heilbrigðisráðuneyti (velferðarráðuneyti til 1. janúar 2019).**

*Þingsályktun 27/149 um mótun stefnu um bráðaþjónustu utan spítala.*

7. maí 2019 – þskj. 1479.

*Framkvæmd hafin.*

Þingsályktunartillaga um mótun stefnu um bráðaþjónustu utan spítala kom frá velferðar-nefnd. Tilefnið er aukið vægi sjúkra- og neyðarflutninga innan heilbrigðiskerfisins undanfarin ár. Ýmsir þættir hafa valdið því að tíðni útkalla og þær kröfur sem gera þarf til þjónustunnar hafa aukist. Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar, fjölgun ferðamanna, fækkun fæðingarstaða og lokanir skurðstofa á landsbyggðinni hafa átt stóran þátt í þeirri þróun. Samhliða breyttum aðstæðum hefur tækninni fleygt fram og möguleikar sjúkraflutningamanna og bráðataekna til þess að bjarga mannlífum eða koma í veg fyrir varanlegt tjón, svo sem örorku, vegna alvarlegra slysa meiri en áður hefur verið. Það er mat stjórnvalda og ýmissa sérfræðinga að hingað til hafi vantað yfirsýn og framtíðarstefnu í þjónustunni og að verkaskipting og dreifing ábyrgðar innan málaflokksins hafi verið óljós. Auk þess þyrfti að skilgreina betur hlutverk fagráðs sjúkraflutninga og koma á fót miðstöð eða samstarfsvettvangi sérfræðinga í málaflöknum

Markmiðið með stefnunni er að formfesta samstarf þeirra sem sinna þjónustunni. Einnig að skilgreina með skýrari hætti ábyrgð og verkaskiptingu innan hennar, ásamt því að efla menntun, endurmenntun og starfsþjálfun þeirra sem starfa við sjúkra- og neyðarflutninga og veita bráðaþjónustu á vettvangi slysa eða í öðrum neyðartilvikum.

Gerð er tillaga að því að stofna þekkingarsetur eða miðstöð um bráðaþjónustu utan spítala sem tryggði að vinnuferlar sjúkraflutningamanna, námskrá Sjúkraflutningaskólans, þjónustuviðmið, endurmenntun og gæðaeftirlit með þjónustunni væri samræmt. Þannig skapaðist mun betri yfirsýn yfir þær úrbætur sem eru nauðsynlegar þannig að hægt sé að tryggja faglega menntun, endurmenntun og starfsþjálfun þeirra sem starfa við þjónustuna.

*Þingsályktun 29/149 um heilbrigðisstefnu til ársins 2030.*

3. júní 2019 – þskj. 1684.

*Framkvæmd lokið.*

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru sett fram áform um að styrkja heilbrigðiskerfið. Til að svo megi verða var talið nauðsynlegt að marka stefnu í heilbrigðismálum þar sem sett væri fram framtíðarsýn og meginviðfangsefni heilbrigðiskerfisins á komandi árum skilgreind.

Vinna við mótun heilbrigðisstefnu til ársins 2030 hófst í velferðarráðuneytinu í apríl 2018. Eftir umfangsmikið samráð við hagsmunaaðila voru drög að heilbrigðisstefnu birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda 28. nóvember til 19. desember 2018 og bárust 27 umsagnir frá heilbrigðisstofnunum og menntastofnunum, fagfélögum, sjúklingasamtökum, sveitarfélögum og einstaklingum.

Heilbrigðisráðherra lagði heilbrigðisstefnuna fyrir Alþingi á 149. löggjafarþingi með tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 (þskj. 835, 509. mál). Alls 38 erindi

og umsagnir bárust velferðarnefnd í umfjöllun nefndarinnar um drög að heilbrigðisstefnu til 2030. Heilbrigðisstefna til ársins 2030 var samþykkt á Alþingi 3. júní 2019, mótatkvæðalaust með 45 atkvæðum.

Í heilbrigðisstefnunni er tekið á mikilvægum þáttum heilbrigðiskerfisins, stjórnun þess, að rétt þjónusta sé veitt á réttum stað, mönnun heilbrigðiskerfisins, kaupum ríkisins á heilbrigðisþjónustu, þátttöku notenda, gæðastýringu, auk menntunar heilbrigðisstétta og vísindastarfs.

Heilbrigðisráðherra leggur árlega fram á Alþingi fimm ára áætlun um framkvæmd heilbrigðisstefnu og heldur árlegt heilbrigðisþing til að stuðla að framgangi hennar.

*Nefndarálit með frávísunartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fikniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum (neyslurými).*

4. júní 2019 – þskj. 1723 á 149. lögþ.

*Framkvæmd lokið.*

Meginástæða þess að frumvarpið var lagt fram á 149. löggjafarþingi er sú að fylgja eftir þeirri tillögu sem fram kom í skýrslu heilbrigðisráðherra árið 2016, um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum og samfélaginu í heild, um að líta á vanda neytenda ávana- og fikniefna í íslensku samfélagi sem heilbrigðisvandamál fremur en viðfangsefni lögreglu og refsivörslukerfisins, að neytendur í vanda væru fyrst og fremst sjúklingar en ekki afbrotamenn. Í því skyni með skaðaminnkandi sjónarmið að leiðarljósi var ákveðið að leggja fram frumvarp þess efnis að sveitarfélögum væri gert kleift að sækja um leyfi og opna neyslurými. Með því að veita þá undanþágu sem lögð var til í frumvarpinu til að reka og starfrækja neyslurými er lögfest heimild einstaklinga til að hafa í vörslum sínum ávana- og fikniefni sem neyta má í æð í neyslurými og nánasta umhverfi svo að þeir geti farið í neyslurými og neytt efnanna þar sem fyllsta hreinlætis er gætt án þess að verða refsað fyrir að vera með ávana- og fikniefni á sér til eigin neyslu.

Í nefndarálitinu frá 149. löggjafarþingi kemur fram að velferðarnefnd teldi ljóst að frumvarpið tryggði ekki með fullnægjandi hætti lögmæti starfseminnar og að endurskoða þyrfti ýmis atriði þess með víðtækara og virkara samráði. Það var gert með ítarlegu samráði við lögregluna og dómsmálaráðuneytið og var því lagt fram á ný breytt frumvarp á 150. löggjafarþingi sem var efnislega samþykkt 20. maí 2020.

*Þingsályktun 17/150 um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.*

16. desember 2019 – þskj. 765.

*Framkvæmd hafin.*

Þingsályktunin kom frá Samfylkingunni. Alþingi ályktaði að fela heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því að þunglyndi eldri borgara yrði sérstaklega rannsakað og umfang þess metið. Skal heilbrigðisráðherra skipa nefnd sem hefur þetta hlutverk en mun einnig kanna hvaða leiðir séu best til þess fallnar að koma í veg fyrir þunglyndi meðal eldri borgara. Þá skal nefndin sérstaklega kanna tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna hjá eldri borgurum. Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður nefndarinnar á vorþingi 2021. Verið er að skipa nefndina.

*Þingsályktun 18/150 um fræðslu um vefjagigt og endurskoðun á skipan sérhæfðrar endurhæfingarþjónustu.*  
16. desember 2019 – þskj. 766.

*Framkvæmd hafin.*

Í ályktuninni kemur fram að heilbrigðisráðherra skuli beita sér fyrir fræðslu til almennings um vefjagigt og láta fara fram endurskoðun á skipan sérhæfðrar endurhæfingarþjónustu vegna langra biðlista eftir slíkri þjónustu víða.

Endurhæfingarfyriertækið Þraut hefur verið með samning við Sjúkratryggingar Íslands frá árinu 2011. Þraut veitir sérhæfða meðferð við vefjagigt, sem veitt er með teymisvinnu nokkurra fagstétta. Þraut hefur lagt áherslu á að vinna með heilsugæslunni við að greina og meðhöndla vefjagigt og stuðla þannig að faglegrri meðferð þessa sjúkdóms allt frá grunnþjónustu. Þjónusta Þrautar er annars stigs þjónusta, sbr. skilgreiningar þjónustustiga í heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Sú þjónusta sem Þraut veitir fellur undir heildarskipulag í endurhæfingarþjónustu.

Í apríl 2020 skilaði starfshópur, skipaður af heilbrigðisráðherra, skýrslu með tillögum að endurhæfingarstefnu þar sem gerð er samantekt á styrkleikum og veikleikum endurhæfingarþjónustunnar, þar á meðal sérhæfðri endurhæfingu og jafnframt lagðar fram 19 tillögur um aðgerðir til bóta. Skýrslan var birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is og bærust 53 athugasemdir sem nú er unnið úr. Áætluð lok þeirrar vinnu er í október 2020.

### **Mennta- og menningarmálaráðuneyti.**

*Þingsályktun 36/149 um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.*  
7. júní 2019 – þskj. 1750.

*Framkvæmd hafin.*

Þingsályktuninni fylgdi aðgerðaáætlun með 22 aðgerðum og er framkvæmd hafin í öllum aðgerðum. Verkefnum er skipt í fimm flokka en verkefni skarast í einhverjum tilfellum. Flokkarnir eru vitundarvakning um íslenska tungu, menntun og skólastarf, menning, tækniþróun, aðgengi og nýsköpun og síðasti flokkurinn er stefnumótun, stjórnsýsla og atvinnulíf.

Stofnaður hefur verið vinnuhópur innan mennta- og menningarmálaráðuneytis til þess að vinna að verkefnum sem falla undir þingsályktunina, koma þeim í farveg og sjá til þess að þau séu unnin samkvæmt tímaáætlun heildarverkefnisins.

*Vitundarvakning um íslenska tungu.*

1. Stuðlað verður að vitundarvakningu um mikilvægi íslenskrar tungu, gildi hennar og sérstöðu í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Rithöfundasambandið, fjölmiðla og skóla og fleiri í tilefni af degi íslenskrar tungu. Ýmsir viðburðir hafa farið fram þar á meðal stóð ráðuneytið fyrir ráðstefnu um íslensku 1. apríl 2019 í Hörpu með yfirskriftinni *Áfram íslenska, staða og framtíð íslenskukennslu í skólum landsins*, til að vekja athygli á niðurstöðum bókarinnar *Íslenska í grunn- og framhaldsskólum* sem kom út 2019. Ráðuneytið undirbýr nú ráðstefnu um menntun nemenda með annað móðurmál 3. nóvember 2020 til að fylgja eftir drögum að stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem starfshópur skipaður af ráðherra skilaði í maí síðastliðnum.
2. Viljayfirlýsing um vitundarvakningu um mikilvægi íslensks máls var undirrituð í október 2018 af Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum Kennarasambands Íslands, Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtakanna Heimilis og skóla. Þar segir að lögð verði áhersla

á að finna viðtækan samstarfsgrundvöll til að vekja athygli og áhuga á íslenskunni, stuðla að virkri notkun tungumálsins og vinna að jákvæðara viðhorfi, ekki síst barna og ungl-  
inga, til íslenskrar tungu.

*Menntun og skólastarf.*

3. *Mikilvægi læsis:* Frá 2015 hefur verið unnið að fjölmörgum verkefnum sem tengjast þjóðarsáttmála um læsi sem undirritaður var af mennta- og menningarmálaráðherra og öllum sveitarfélögum. Menntamálastofnun hefur annast framkvæmd og yfirumsjón með verkefninu sem var skipulagt til fimm ára. Verkefninu lýkur formlega í árslok 2020 en unnið verður áfram að bættu læsi til framtíðar með áherslu á vitundarvakningu, starfsþróun, námsgögn og mælitæki sem stuðla að áhuga nemenda, þrautseigju og vellíðan.
4. *Íslenska sem annað mál:* Starfshópur sem skipaður var af mennta- og menningarmálaráðherra vann að heildarstefnumörkun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Starfshópurinn skilaði drögum að heildstæðri stefnu í maí 2020. Áætlað er að vinna hvítbók í framhaldinu ásamt aðgerðaáætlun. Í nóvember 2020 verður ráðstefna á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem fjallað verður um stefnumótun í þessum málaflokki.  
Árið 2018 jók ráðuneytið framlag til framhaldsskóla vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku um 40 millj. kr. Framhaldsskólar fá því alls 60 millj. kr. árlega til að styðja sérstaklega við þessa nemendur.
5. *Kennaramenntun:* Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði kennararáð í júní 2020 skv. 7. gr. laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019. Hlutverk kennararáðs er m.a. að veita ráðherra ráðgjöf og leiðbeiningar um þróun hæfniramma með því að gera tillögu um innihald og endurskoðun reglugerðar um hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnaenda.
6. *Starfsþróun kennara:* Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands og aðra hagsmunaaðila vinnur að því að fjölga starfsþróunartækifærum fyrir kennara með vefnámskeiðum að sænskri fyrirmynd. Þar er lögð áhersla á leiðtogaþjálfun kennara og skólastjórnaenda á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi þar sem ein aðaláherslan er á íslensku og læsi.
7. *Háskólakennsla og rannsóknir:* Í ágúst 2019 var undirritaður samstarfsyfirlýsing um rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda sem stýrt er af Snorrastofu í Reykholti. Úthlutað var í fyrsta sinn á árinu 2020 til þverfaglega rannsókna á sviði fornleifafræði, bókmenntafræði, textafræði og sagnfræði.
8. *Námsefnisútgáfa:* Ráðuneytið vinnur að stefnumótun um námsgögn.
9. *Íslenskunám fullorðinna innflytjenda:* Veittar voru 143 millj. kr. árið 2019 og 142,5 millj. kr. árið 2020 í íslenskukennslu fyrir útlendinga til viðurkenndra fræðsluaðila en Rannís sér um úthlutun styrkjanna. Undirbúningsvinna er hafin þar sem kostir samræmds stöðumats í íslensku sem öðru máli eru skoðaðir, sérstaklega með tilliti til rafræns mats.
10. *Íslenskukennsla erlendis:* Kennsla í íslensku og íslenskum fræðum hefur verið styrkt árið 2020, þ.e. 12 millj. kr. til Kaupmannahafnarháskóla og 3 millj. kr. til Manitobaháskóla í Kanada.

*Menning.*

11. *Fjölmíðlun og innlend dagskrárgerð:* Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmíðla, nr. 38/2011 (stuðningur við rekstur einkarekinna fjölmíðla) sem verður endurflutt á 151. löggjafarþingi.

12. *Bókamening*: Lög um stuðning við útgáfu bóka á íslensku tóku gildi 1. janúar 2019. Með lögunum er bókaútgefendum veittur tímabundinn stuðningur í formi endurgreiðslu á hluta kostnaðar sem fellur til við útgáfu bóka á íslensku. Úttekt á lögunum stendur yfir. Sjóður fyrir barna- og ungmennabækur var settur á laggirnar og var fyrst úthlutað úr honum 2019.
13. *Bókasöfn*: Bókasafnaráð mun sinna aðkallandi stefnumótun í málefnum bókasafna sem mun leggja til aðgerðir til eflingar skólabókasafna. Með háleitri stefnu geta ríki og sveitarfélög tekið höndum saman um að efla faglega starfsemi skólabókasafna.

*Tæknipróun, aðgengi og nýsköpun.*

14. *Máltækni—stafræn framtíð tungunnar*: Samið hefur verið við sjálfseignarstofnunina Almennaróm um rekstur miðstöðvar máltækniáætlunar fyrir íslensku. Miðstöðin hefur yfirumsjón með framkvæmd og samhæfingu máltækni verkefnisins, samkvæmt verkáætluninni Máltækni fyrir íslensku 2018–2022. Máltækni verkefni og lausnir eru á áætlun.
15. *Orðasöfn og orðanefndir*: Unnið er að útfærslu á opnu aðgengi almennings að upplýsingaveitum um íslenskt mál, svo sem orðabókum, orðasöfnum og málfarssöfnum.

*Stefnumótun, stjórnsýsla og atvinnulíf.*

16. *Viðmið um málnotkun*: Sett verða viðmið um notkun íslensku og annarra tungumála í upplýsinga- og kynningarefni á vegum stjórnvalda og atvinnulífs samkvæmt tillögum íslenskrar málnefndar.
17. *Málstefna um íslenskt táknmál*: Verkefnishópur um gerð málstefnu um íslenskt táknmál skilar tillögum fyrir árslok 2020. Í kjölfarið verða unnin drög að aðgerðaáætlun.
18. *Íslensk málstefna*: Íslensk málnefnd var skipuð í byrjun árs 2020 og stefnt er að vinnu við gerð nýrrar málstefnu fyrir lok árs 2021.

*Dingsályktun 37/149 um vestnorrænt samstarf á sviði íþrótt barna og unglunga.*

7. júní 2019 – þskj. 1761.

*Framkvæmd ekki hafin.*

Dingsályktunin byggir á ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 1/2018 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 5. september 2018 í Þórshöfn í Færeyjum, en tillaga til þingsályktunar var lögð fram af Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Samkvæmt þingsályktuninni ályktaði Alþingi að skora á ríkisstjórnina að efla samstarf Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði íþrótt barna og unglunga. Alþingi beindi þeim tilmælum því til ríkisstjórnarinnar að kanna til hlítar hvernig styrkja mætti samstarf landanna á þessum vettvangi til hagsbóta fyrir æsku Vestur-Norðurlanda og stuðla að því að treysta samstarf landanna til framtíðar.

*Dingsályktun 38/149 um samstarf vestnorrænu landanna um tungumál í stafrænum heimi.*

7. júní 2019 – þskj. 1762.

*Framkvæmd ekki hafin.*

Dingsályktunin byggir á ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 2/2018 um stofnun formlegs vettvangs um framtíð vestnorrænu tungumálanna. Formlegur vinnuhópur/samstarfsvettvangur hefur ekki verið stofnaður með það fyrir augum að semja skýrslu með yfirliti um stöðu og framtíðarhorfur tungumálanna þriggja ásamt yfirliti um þann máltækniþunað (hugbúnað og gagnasöfn) sem til er fyrir hvert málanna og leggja fram tillögur að samstarfi um máltækniþunað og önnur viðbrögð við stafrænu byltingunni. Samkvæmt samningi við mennta- og

menningarmálaráðuneyti ber sjálfseignarstofnunin Almennarómur ábyrgð á verkefni og framkvæmd máltækniáætlunar fyrir íslensku. Stofnuninni ber m.a. að fylgjast með tækifærum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu í máltækni og kanna hvort íslenska geti verið með í slíkum verkefnum. Stofnuninni hefur verið gerð grein fyrir því að mikill áhugi er á samstarfi landanna um þróun máltækni fyrir viðkomandi tungumál. Að auki ber deild erlendra tungumála Vigdísar Finnbogadóttur ábyrgð á samstarfsverkefnum er varða vestnorrænu tungumálin.

### **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (innanríkisráðuneyti til 1. maí 2017).**

*Þingsályktun 10/149 um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023.*

7. febrúar 2019 – þskj. 927.

*Framkvæmd lokið.*

Óhætt er að segja að framkvæmd fimm ára aðgerðaáætlunar samgönguáætlunar 2019–2023 hafi hafist af krafti um leið og hún var samþykkt. Á árinu 2019 voru mörg af helstu áherslumálum í áætluninni framkvæmd. Má þar nefna samning ríkisins við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033, Samgöngusáttmálann. Þar að auki voru mótaðar stefnur í bæði flugmálum og almenningsamgöngum milli byggða. Kannaðar voru leiðir til fjármögnunar stærrri framkvæmda og byggt á þeirri vinnu var samþykkt að framlög til uppbyggingar innviða yrðu aukin í fjármálaáætlun 2020–2024. Meðal helstu framkvæmda sem unnar voru í samræmi við áætlunina var aðskilnaður akstursstefna á Suðurlandsvegi og Reykjanesbraut. Unnið var í Dýrafjarðargöngum, Grindavíkurvegi og Dettifossvegi. Að endingu gerðist sá sögulegi viðburður að hringvegurinn var loksins klæddur bundnu slitlagi allan hringinn, þegar síðasti kaflinn var kláraður í Berufirði. Ítarlegar upplýsingar um stöðu og innleiðingu verkefna og aðgerða má finna í skýrslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar, en hún var síðast lögð fyrir Alþingi í febrúar 2020.

Ný fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024 var lögð fram á haustþingi 2019. Hún var samþykkt á Alþingi í júní 2020.

*Þingsályktun 11/149 um samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033.*

7. febrúar 2019 – þskj. 928.

*Framkvæmd lokið.*

Um framkvæmd samgönguáætlunar fyrir árin 2019–2033 er vísað í texta um framkvæmd fimm ára samgönguáætlunar 2019–2023.

Ný samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 var lögð fram á haustþingi 2019. Hún var samþykkt á Alþingi í júní 2020.

*Þingsályktun 31/149 um fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019–2023.*

3. júní 2019 – þskj. 1687.

*Framkvæmd hafin.*

Í 2. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, er kveðið á um að á minnsta kosti þriggja ára fresti leggi ráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun. Fjarskiptaáætlun er aðgerðaáætlun sem byggir á stefnu í fjarskiptum. Fjarskiptaáætlun nær að hverju sinni til aðgerða á fyrstu fimm árum í 15 ára stefnu í fjarskiptum. Í fjarskiptaáætlun eru verkefni í málaflokki 11.2, um fjarskipti, póstmál, netöryggismál og málefni Þjóðskrár Íslands, talin upp og flokkuð í samræmi við að stuðla skuli að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Á árinu 2019 var unnið að mörgum helstu

stefnumálum áætlunarinnar. Gerðir voru samningar við 23 sveitarfélög um að tengja ljósleiðara við 1698 svæði og var nærri 450 millj. kr. varið til að styrkja sveitarfélög til þess að tengja um 560 staði. Einnig voru samþykkt ný lög sem stuðla að samnýtingu jarðvegsframkvæmda við lagningu ljósleiðara eða annarra innviða í þágu samfélagsins.

Umgjörð um net- og upplýsingaöryggi var eflað á árinu 2019 með samþykkt nýrra laga en starf netöryggisráðs sem samstarfsvettvangs stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi var einnig eflt með lögum. Mótað var lagafrumvarp um umgjörð og umsýslu á íslenskum landshöfuðlönunum og ný lög um pósthjónustu voru samþykkt á Alþingi.

Önnur tímamót urðu á árinu 2019 þegar endurskoðun á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu frá 1962 lauk. Þá voru ný heildarlög um skráningu einstaklinga samþykkt í desember og tóku gildi um áramótin 2019/2020.

*Dingsályktun 32/149 um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033.*

3. júní 2019 – þskj. 1688.

*Framkvæmd hafin.*

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggur á að minnsta kosti þriggja ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptum þar sem mörkuð er stefna fyrir næstu 15 árin í málaflökki 11.2, um fjarskipti, póstmál, netöryggismál og málefni Þjóðskrár Íslands. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Framtíðarsýn stefnunnar er að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi saman byggðir landsins og Ísland við umheiminn með umhverfissjónarmið í huga. Meginmarkmið áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum, og þar með talið í stefnu í fjarskiptum, eru að þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins og sjálfbærar byggðir um land allt.

*Dingsályktun 42/149 um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum.*

19. júní 2019 – þskj. 1926 (sameiginleg með forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti).

*Framkvæmd lokið.*

Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og fimm sérfræðinga úr forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti til að vinna tímasetta aðgerðaáætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum og mæta mikilli fólksfjölgun þar. Starfshópurinn var skipaður í nóvember 2019 og skilaði tillögum sínum í maí 2020. Samantekt starfshópsins um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum innihélt m.a. aðgerðaáætlun með 17 aðgerðum til að bæta þjónustu og efla sveitarfélög á svæðinu. Beint framlag ríkisins til aðgerðanna er 250 millj. kr. en fjárveitingin var kynnt í öðrum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar til að bregðast við efnahagslegum áhrifum COVID-19-faraldursins. Markmið aðgerðaáætlunarinnar eru fjórþætt: Að auka samráð milli ríkis og sveitarfélaga um hagsmuni svæðisins, virkja jákvæðan vöxt fyrir efnahagslíf og samfélag, auka skilning á sérkennum og tækifærum svæðisins og loks að efla viðbragð við aðstæðum sem kalla á samstillingu og sameiginlegar aðgerðir opinberra aðila. Samband sveitarfélaga á

Suðurnesjum hefur ráðið verkefnisstjóra til að halda utan um eftirfylgni og framgang aðgerðanna.

*Dingsályktun 12/150 um óháða úttekt á Landeyjahöfn.*  
2. desember 2019 – þskj. 608.

*Framkvæmd hafin.*

Í mars 2020 var óháð úttekt á Landeyjahöfn boðin út hjá Ríkiskaupum fyrir hönd samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Lægstbjóðandi í verkið var verkfræðistofan Mannvit í samvinnu við Vatnaskil og LeoVanRijn-Sediment Consultancy. Stuttu eftir að niðurstaða fékkst í útboðinu hófst úttektarvinna ráðgjafanna. Niðurstöðu úttektarinnar er að vænta á haustmánuðum 2020.

### **Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.**

*Dingsályktun 43/2019 um skilgreiningu auðlinda.*  
20. júní 2019 – þskj. 1938.

*Framkvæmd hafin.*

Með ályktuninni var umhverfis- og auðlindaráðherra falið að fá sérfræðinga á sviði auðlindaréttar, umhverfisfræða og umhverfisréttar til að semja frumvarp til laga sem skilgreini hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru. Ráðuneytið hefur hafið vinnu við skilgreiningar á náttúruauðlindum landsins til að auka skilning á eðli og umfangi þeirra.

### **Utanríkisráðuneyti.**

*Dingsályktun 12/149 um fullgildingu á uppfærðum fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands.*  
20. febrúar 2019 – þskj. 961.

*Framkvæmd lokið.*

Uppfærður fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands var undirritaður 25. júní 2018 á Sauðárkróki. Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Tyrklands frá 1992 náði ekki til þátta sem jafnan eru hafðir í þeim samningum sem EFTA gerir nú til dags. Helstu viðbætur og breytingar lutu að þjónustuviðskiptum, viðskiptum, sjálfbærri þróun og lausn deilumála. Fullgildingarskjöl Íslands voru afhent vörsluaðila 30. september 2019. Tyrkland hefur ekki lokið sínu fullgildingarferli svo samningurinn hefur enn ekki tekið gildi.

*Dingsályktun 13/149 um fullgildingu heildarsamnings um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Ekvadors.*  
20. febrúar 2019 – þskj. 962.

*Framkvæmd lokið.*

EFTA-ríkin og Ekvador hófu viðræður um gerð fríverslunarsamnings í nóvember árið 2016 og lauk þeim í febrúar 2018. Samningurinn kveður á um gagnkvæma niðurfellingu og lækkun tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar og óunnar landbúnaðarvörur. Fullgildingarskjöl Íslands voru afhent 3. október 2019. Samningurinn tekur gildi 1. nóvember 2020.

*Þingsályktun 14/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2018 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.*  
6. mars 2019 – þskj. 1075.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 14. júní 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. ágúst 2019.

*Þingsályktun 15/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.*  
6. mars 2019 – þskj. 1076.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 6. nóvember 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. janúar 2020.

*Þingsályktun 16/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2018 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.*  
2. apríl 2019 – þskj. 1283.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 5. júní 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. ágúst 2019.

*Þingsályktun 17/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.*  
2. apríl 2019 – þskj. 1284.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 5. júní 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. ágúst 2019.

*Þingsályktun 18/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.*  
2. apríl 2019 – þskj. 1285.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 4. nóvember 2019 en ákvörðunin hefur ekki enn tekið gildi þar sem beðið er eftir tilkynningu frá Noregi um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða.

*Þingsályktun 20/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2018 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.*  
2. maí 2019 – þskj. 1418.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 18. nóvember 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. janúar 2020.

*Þingsályktun 21/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.*  
2. maí 2019 – þskj. 1419.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 18. nóvember 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. janúar 2020.

*Þingsályktun 22/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.*  
2. maí 2019 – þskj. 1420.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 18. nóvember 2019 en ákvörðunin hefur ekki enn tekið gildi þar sem beðið er eftir tilkynningu frá Noregi um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða.

*Þingsályktun 23/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.*  
2. maí 2019 – þskj. 1421.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 27. júní 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. janúar 2020.

*Þingsályktun 24/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.*  
2. maí 2019 – þskj. 1422.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 18. nóvember 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. janúar 2020.

*Þingsályktun 25/149 um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.*  
2. maí 2019 – þskj. 1423.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 27. júní 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 29. júní 2019.

*Þingsályktun 26/149 um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023.*  
2. maí 2019 – þskj. 1424.

*Framkvæmd hafin.*

Í þingsályktuninni er sett fram stefna í alþjóðlegri þróunarsamvinnu til ársins 2023 ásamt aðgerðaáætlun 2019–2020. Utanríkisráðuneytið hefur starfað á grundvelli stefnunnar og hefur flestum markmiðum sem sett eru fram í aðgerðaáætlun verið náð eða eru langt á veg komin. Stefnan byggir á tíu heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og starfar Ísland með fjölþjóða-stofnunum, tvíhliða samstarfsríkjum, frjálsum félagasamtökum og aðilum atvinnulífsins að framkvæmd í málaflokknum. Mannréttindi, kynjajafnrétti og umhverfismál eru sértæk og þverlæg áhersluatriði sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi. Með alþjóðlegri þróunarsamvinnu leggja íslensk stjórnvöld sitt af mörkum í baráttunni gegn sárri fátækt og hungri, og er

hún mikilvægur þáttur í að Ísland uppfylli pólitískar, lagalegar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna.

*Þingsályktun 28/149 um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-rikkjanna og Filippseyja.*  
13. maí 2019 – þskj. 1508.

*Framkvæmd lokið.*

Samningurinn var undirritaður þann 28. apríl 2016 í Bern í Sviss og hefur nú verið fullgiltur af öllum samningsaðilum. Hann tók gildi 1. júní 2018 milli Filippseyja, Noregs, Liechtenstein og Sviss. Fullgildingarskjöl Íslands voru afhent vörsluaðila 3. október 2019. Samningurinn tók gildi gagnvart Íslandi 1. janúar 2020.

*Þingsályktun 39/149 um fullgildingu samnings um að koma í veg fyrir stjórnlausar úthafsveiðar í miðhluta Norður-Íshafsins.*  
3. júní 2019 – þskj. 1685.

*Framkvæmd lokið.*

Samningurinn var undirritaður í Ilulissat á Grænlandi þann 3. október 2018 og hefur það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar í úthafinu í miðhluta Norður-Íshafsins. Samningurinn tekur gildi 30 dögum eftir að vörsluaðili hefur tekið við skjölum um fullgildingu frá þeim níu þjóðum auk Evrópusambandsins sem undirrituðu samninginn. Mót-taka fullgildingarskjala Íslands var staðfest 2. september 2019. Aðeins Kína á eftir að fullgilda samninginn svo hann öðlist gildi.

*Þingsályktun 49/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn).*  
2. september 2019 – þskj. 2065.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 2. október 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 3. október 2019.

*Þingsályktun 1/150 um staðfestingu viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Lýðveldisins Norður-Makedóníu.*  
24. október 2019 – þskj. 332.

*Framkvæmd lokið.*

Samningurinn var gerður í Brussel 6. febrúar 2019. Fullgildingarskjölum Íslands var skilað til vörsluaðila 14. nóvember 2019. Norður-Makedónía varð formlega aðildarríki Atlantshafsbandalagsins þann 27. mars 2020.

*Þingsályktun 3/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.*  
18. nóvember 2019 – þskj. 511.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 2. desember 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 3. desember 2019.

*Dingsályktun 4/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.*  
18. nóvember 2019 – þskj. 512.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 4. desember 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 18. desember 2019.

*Dingsályktun 5/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.*  
18. nóvember 2019 – þskj. 513.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 27. nóvember 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. janúar 2020.

*Dingsályktun 6/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.*  
18. nóvember 2019 – þskj. 514.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 8. janúar 2020 og ákvörðunin gekk í gildi 1. ágúst 2020.

*Dingsályktun 7/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.*  
18. nóvember 2019 – þskj. 515.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 15. júní 2020 og ákvörðunin gekk í gildi 1. ágúst 2020.

*Dingsályktun 8/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2019 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.*  
18. nóvember 2019 – þskj. 516.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 15. júní 2020 en ákvörðunin hefur ekki enn tekið gildi þar sem beðið er eftir tilkynningu frá Liechtenstein um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða.

*Dingsályktun 9/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.*  
18. nóvember 2019 – þskj. 517.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 8. janúar 2020 en ákvörðunin hefur ekki enn tekið gildi þar sem beðið er eftir tilkynningu frá Noregi og Liechtenstein um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða.

*Þingsályktun 10/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.*  
18. nóvember 2019 – þskj. 518.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 4. desember 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 7. mars 2020.

*Þingsályktun 11/150 um fullgildingu heildarsamnings um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Indónesíu.*  
18. nóvember 2019 – þskj. 519.

*Framkvæmd lokið.*

Samningurinn var undirritaður í Jakarta, Indónesíu, þann 16. desember 2018. Fullgildingarskjöllum Íslands var skilað til vörsluaðila 29. janúar 2020. Indónesía hefur ekki klárað fullgildingarferli og hefur samningurinn því enn ekki öðlast gildi.

*Þingsályktun 13/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.*  
11. desember 2019 – þskj. 690.

*Framkvæmd ekki hafin.*

Stefnt er að tilkynningu um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 1. janúar 2021.

*Þingsályktun 14/150 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2019 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.*  
11. desember 2019 – þskj. 691.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 15. apríl 2020 en ákvörðunin hefur ekki enn tekið gildi þar sem beðið er eftir tilkynningu frá Liechtenstein um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða.

*Þingsályktun 15/150 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020.*  
11. desember 2019 – þskj. 692.

*Framkvæmd hafin.*

Samningurinn var staðfestur af forseta Íslands 30. nóvember 2019. Hann gildir samkvæmt efni sínu út loðnuvertíðina 2019/2020.

## Yfirlit yfir framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2018.

### Forsætisráðuneyti.

*Þingsályktun 16/148 um samræmingu verklags um fjarfundi á vegum ráðuneyta.*  
26. apríl 2018 – þskj. 865.

*Framkvæmd hafin.*

Í þingsályktuninni fól Alþingi forsætisráðherra að móta stefnu og innleiða verklagsreglur fyrir ráðuneyti Stjórnarráðsins um fjarfundi í því skyni að auðvelda stofnunum, sveitarstjórn-um og öðrum aðilum um allt land samskipti við ráðuneytin.

Vegna heimsfaraldurs kórónuveiru á árinu 2020 hefur þróunin í þessa átt orðið talsvert hraðari en hún hefði ella orðið og haft þau áhrif að ráðuneyti Stjórnarráðsins og undirstofnanir reiða sig nú að miklu leyti eða jafnvel alfarið á fjarfundabúnað við fundahald í stað hefðbundins fundahalds líkt og áður var.

Áður en heimsfaraldurinn hófst hafði verið unnið að þeim verkefnum sem framangreind þingsályktun fjallar um, til að mynda á grundvelli loftslagsstefnu Stjórnarráðsins frá apríl 2019. Í henni var gert ráð fyrir að ráðuneyti Stjórnarráðs Íslands dragi úr losun sinni á koltvísýringi samtals um 40%, m.a. með áherslu á fjarfundi. Þá hafði góðum fjarfundabúnaði verið komið upp í ráðuneytum samkvæmt þörfum hvers ráðuneytis, auk þess sem starfsmenn ráðuneyta og margra stofnana hafa aðgang að hefðbundnum fjarfundabúnaði í vinnutölvum. Þá lá fyrir samræmt verklag um fjarfundi sem loftslagsfulltrúar hvers ráðuneytis skyldu tryggja að yrði innleitt, og hvert ráðuneyti tryggja að undirstofnanir tækju upp sama verklag. Ekki síst vegna framangreindrar vinnu gátu þau umskipti sem urðu á fundahaldi í Stjórnarráðinu þegar heimsfaraldurinn hófst gengið hnökralaust fyrir sig.

*Nefndarálit með frávisunartillögu um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga.*

30. apríl 2018 – þskj. 900 (sameiginleg með dómsmálaráðuneyti).

*Framkvæmd hafin.*

Nefnd forsætisráðherra um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis skilaði frumvarpi til nýrra laga um ærumeiðingar sem var unnið frekar í dómsmálaráðuneytinu. Dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi í október 2019 (þskj. 312, 278. mál) en málið varð ekki útrætt.

*Nefndarálit með frávisunartillögu um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframsærslu (borgaralaun).*

30. maí 2018 – þskj. 1106.

*Framkvæmd ekki hafin.*

Eftir að þingsályktunartillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar var forsætisráðherra falið að tryggja að úttekt á kostum og göllum skilyrðislausrar grunnframsærslu yrði meðal verkefna framtíðarnefndar. Viðfangsefnið hefur ekki fengið efnislega umfjöllun hjá nefndinni en gert er ráð fyrir að nefndin taki málið fyrir árið 2020.

*Dingsályktun 32/148 um verkefni í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands í þágu barna og ungmenna og rannsókna er stuðli að sjálfbærni auðlinda hafsins.*

18. júlí 2018 – þskj. 1364 (sameiginleg með mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti).

*Framkvæmd vegna hluta forsætisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis hafin.*

Forsætisráðherra fékk þann hluta ályktunarinnar sem varðar Barnamenningarsjóð Íslands til meðferðar í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðherra.

Hlutverk Barnamenningarsjóðs er að fjármagna og styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barna-menningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi. Í starfi sjóðsins er m.a. horft til áherslu menningarstefnu um samstarf stofnana, skóla, félagasamtaka og einstaklinga, ásamt því markmiði að jafna aðgengi barna og ungmenna að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Fyrsta árið uppfyllti sjóðurinn hlutverk sitt með úthlutun til 36 verkefna, að heildarupphæð 97,5 millj. kr. Fimm manna valnefnd fjallaði um umsóknirnar, sem voru 108 talsins. Sótt var um ríflega fjórfalda þá upphæð sem til úthlutunar var. Tilkynt var um úthlutunina á degi barnsins 26. maí 2019.

Hinn 1. apríl 2020 var auglýst eftir umsóknum öðru sinni. Þá bárust 112 umsóknir og var sótt um tæplega fimmfalda þá upphæð sem til skipta var. Þriggja manna valnefnd fjallaði um umsóknirnar og var samþykkt að veita 42 styrki að heildarupphæð 92 millj. kr. Önnur úthlutun úr sjóðnum fór fram á degi barnsins 24. maí 2020 við hátíðlega athöfn í Hörpu. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra héldu ávörp við það tilefni.

*Framkvæmd vegna hluta atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hafin.*

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með þann hluta framkvæmdar þessarar þingsályktunar er varðar smíði nýs hafrannsóknaskips. Starfandi er sérstök nefnd, smíðanefnd, sem hefur umsjón með smíði skipsins, útboði og samningsgerð, og eftirlit með smíðinni og smíðakostnaði, en áætlað er að smíði á nýju skipi hefjist á árinu 2021.

### **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.**

*Dingsályktun 19/148 um aðgengi að stafrænum smiðjum.*

6. júní 2018 – þskj. 1116 (sameiginleg með mennta- og menningarmálaráðuneyti).

*Framkvæmd hafin.*

Í gangi er sameiginleg vinna innan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis um hvernig rekstrargrundvöllur stafrænna smiðja verði best tryggður. Fyrir liggja gögn um samvinnu ráðuneytanna varðandi tillögur að framkvæmd þingsályktunartillögu um aðgengi að stafrænum smiðjum. Litið hefur verið til þess að stafrænar smiðjur eru mikilvægur hlekkur í svæðisbundinni nýsköpunarþjónustu og tillögur miða að því að þetta það samstarf enn frekar með því að auka sýnileika þess fjármagns sem til þeirra rennur og skilyrða fjárveitingar sem berast frá báðum ráðuneytum. Fjallað er m.a. um þróun umgjardar stafrænna smiðja í drögum að frumvarpi um opinberan stuðning við nýsköpun í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is, sem einni afurð af samstarfi ráðuneytanna.

Stafrænar smiðjur veita aðgang að stafrænni framleiðslutækni sem gerir notendum kleift að þróa áþreifanlegar lausnir með því að fylgja hugmynd eftir til afurðar. Starfsemi stafrænna smiðja er í samræmi við áherslur stjórnvalda um aukna samvinnu milli skóla og atvinnulífs og stuðning við frumkvöðlamennsku og skapandi starfsemi um land allt.

Ráðuneytunum var falið að vinna áætlun að uppbyggingu og reksturs stafrænna smiðja sem verði opnar grunnskóla- og framhaldsskólanemum og almenningi. Lagt er til að tengja þessa frumvinnu við aðra opinbera stefnumótun og áherslur um stafrænar smiðjur í fjárlögum 2020 hjá báðum ráðuneytum.

*Dingsályktun 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.*  
11. júní 2018 – þskj. 1244.

*Framkvæmd hafin.*

Í þingsályktuninni koma fram áhersluatriði er varða uppbyggingu flutningskerfis raforku. Landsnet er bundið af þeim áhersluatriðum við gerð kerfisáætlunar sinnar um uppbyggingu flutningskerfisins og hefur efni þingsályktunarinnar komið fram í síðustu kerfisáætlunum Landsnets, í samræmi við ákvæði raforkulaga og þingsályktunarinnar. Jafnframt er í þingsályktuninni kveðið á um sjálfstæða greiningarvinnu á möguleikum jarðstrengja í flutningskerfinu og liggur nú fyrir skýrsla óháðs aðila þess efnis og hefur hún verið birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is, sbr. mál nr. 309/2019.

### **Fjármála- og efnahagsráðuneyti.**

*Dingsályktun 3/148 um gerð stofnefnahagsreikninga fyrir ríkissjóð í heild og einstaka ríkisaðila í A-hluta.*  
8. mars 2018 – þskj. 476.

*Framkvæmd hafin.*

Þingsályktunin lýsir megináferðum við innleiðingu breyttra reikningsskila samkvæmt lögum um opinber fjármál, með áherslu á stofnefnahagsreikning. Í efnahagsreikninginn eru teknir inn nýir flokkar eigna og skuldbindinga í áföngum á þremur árum. Framgangi verkfnisins hefur verið lýst í ríkisreikningum 2017 og 2018.

Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni og er því ekki að fullu lokið með útgáfu ríkisreiknings fyrir árið 2019. Reikningsskil fyrir árið 2019 eru gerð á grundvelli IPSAS-staðlanna með þeim frávikum þar sem reikningsskilaráð hefur heimilað frestun á innleiðingu nokkurra staðla. Reikningsskilaráð A-hluta ríkisins hefur heimildir til frestunar á innleiðingu staðla eins og kemur fram í 52. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

*Dingsályktun 11/148 um tryggingu gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga.*  
25. apríl 2018 – þskj. 853.

*Framkvæmd hafin.*

Með þingsályktunartillögunni var fjármála- og efnahagsráðherra falið að útfæra stefnumörkun með það að markmiði að tryggja gæði, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga allt frá hugmyndastigi til framkvæmda og út ætlaðan líftíma þeirra.

Lagt var til að ráðherra skipaði starfshóp til þess að stofna til formlegs samstarfsvettvangs stjórnvalda, atvinnulífs og fræðasamfélags um gerð rammaáætlana til þriggja ára í senn til þess að byggja upp þekkingu og færni og efla rannsóknir á sviði gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga. Tillagan var áður flutt á 147. löggjafarþingi (17. mál).

Í vinnslu hafa verið greiningar á verklagi og ferlum og framkvæmd opinberra verkefna og þar verið m.a. horft til skýrslu Framkvæmdasýslu ríkisins „Lykiltölur úr skilamötum FSR 1998–2016“. Helstu niðurstöður þar sýna að hlutfallslegt frávik samanlagðs raunkostnaðar og kostnaðaráætlana án viðbótarverka í öllum verkefnum á verðlagi í desember 2018 er 1,8%. Sé horft til stærðar verkefna og frávik skoðuð er vegið meðalfrávik raunkostnaðar og áætlana

fyrir öll verkefni 4,5%. Yfir tímabilið 1998–2016 eru 56 verkefni eða 40% innan áætlunar og 83 eða 60% yfir áætlun. Nánar greint þá er 61 verkefni 5% eða meira yfir áætlun, 43 verkefni eru 5% eða meira undir áætlun og 35 verkefni eru þar á milli.

Unnin var samantekt af Háskólanum í Reykjavík um stöðu sambærilegra verkefna erlendis. Leitað verður umsagnar félaga og stofnana ríkisins sem fara með framkvæmdir, svo sem Framkvæmdasýslu ríkisins, Landsvirkjunar, NLSH, Landsnets, Ríkiseigna o.fl. til að fá frekari tillögur að verklagi. Áfram verður unnið að því að útfæra nánari stefnumörkun á þessu sviði með það að markmiði að tryggja gæði, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga.

Eins og fram kemur í þingmálaskrá 151. löggjafarþings 2020–2021 er einnig stefnt að því að leggja fram nýja heildarlöggjöf um skipan opinberra framkvæmda og fasteignaumsýslu ríkisins. Frumvarpið mun hafa að geyma ákvæði um hagkvæmnismat, áhættugreiningu og gæðatryggingu auk ákvæða um fjárfestingaráætlun og breytta skipan stofnana.

*Þingsályktun 25/148 um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta.*

11. júní 2018 – þskj. 1243.

*Framkvæmd lokið.*

Með þingsályktuninni var fjármála- og efnahagsráðherra falið að efna til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa sveitarfélaganna um leiðir til að tryggja jafnræði við launasetningu ólíkra starfsstétta sem vinna hjá hinu opinbera. Einnig var honum falið að ráðast í greiningu á launakjörum ólíkra starfsstétta, m.a. til að draga fram kynbundinn launamun.

Í mars 2020 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu, í tenglum við kjarasamninga aðildarféлага BSRB, um að skipa starfshóp um endurmat á störfum kvenna. Hópurinn er skipaður af forsætisráðherra og hefur það hlutverk að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, BSRB, ASÍ, BHM, KÍ, Samtaka atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga. Markmið með skipan starfshópsins eru í megindráttum þau sömu og fólust í þingsályktunartillögunni og er því litið svo á að framkvæmd hennar sé lokið.

Þess má geta að unnið hefur verið að greiningarvinnu á vettvangi starfshóps sem mælt er fyrir um í samkomulagi, undirrituðu 19. september 2016, um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Markmið vinnunnar er að meta og jafna launamun milli hins opinbera og almenna markaðarins. Greiningarvinnan er nauðsynleg til að komast að hlutlægri niðurstöðu í þeim efnunum en hún nýtist einnig til leggja mat á launadreifingu og launamun hinna ýmsu starfsstétta hjá hinu opinbera. Þá er fyrirhugað að greina launakostnað ríkisins út frá kynja-sjónarmiðum í grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar.

### **Mennta- og menningarmálaráðuneyti.**

*Þingsályktun 4/148 um útgáfu vestnorrænnar söngbókar.*

8. mars 2018 – þskj. 477.

*Framkvæmd ekki hafin.*

Þingsályktunin byggir á ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 1/2017 og er samhljóða henni. Í gildi er samningur frá 1. nóvember 2017 um menningarsamstarf milli Færeyja, Grænlands og Íslands. Með samningnum, sem er ótímabundinn, er fylgiskjal þar sem fjallað er um þau verkefni sem löndin ætla að vinna að næstu fjögur árin (2019–2022).

Á yfirstandandi tímabili verður unnið að verkefnum á sviði kvikmyndagerðar, verkefnum til að efla frjáls félagasamtök á sviði lista, menningar og íþróttar, þróun tölvuleikja og verkefnum tengdum vestnorrænum tungumálum og menningu og tengslum þeirra við önnur tungumál

og menningu. Við ákvörðun flestra þessara verkefna voru hafðar til hliðsjónar ályktanir Vestnorræna ráðsins sem samþykktar hafa verið á síðastliðnum árum. Til samningsins veita löndin þrjú hvert um sig 200 þús. dönskum kr. árlega. Í umfjöllun mennta- og menningarmálaráðuneytis í skýrslu þessari frá síðasta ári, 2019, var bent á að ekki væri hægt að hefja ný menningarverkefni án aukafjárveitinga. Við undirbúning nýrra áherslusviða í tengslum við menningarsamning Vestnorrænu landanna frá 1. nóvember 2017 og við gerð nýs fylgiskjals með samningnum fyrir árin 2023–2026 verður mögulegt að skoða ályktun Vestnorræna ráðsins á sviði menningarmála nánar.

### **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (innanríkisráðuneyti til 1. maí 2017).**

*Þingsályktun 24/148 um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018–2024.*  
11. júní 2018 – þskj. 1242.

*Framkvæmd hafin.*

Framkvæmd byggðaaætlunar gengur vel og eru flestar aðgerðir komnar til framkvæmdar. Nokkrum aðgerðum er lokið. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra lagði skýrslu fyrir Alþingi í desember 2019 um framkvæmd byggðaaætlunar þar sem m.a. komu fram upplýsingar um stöðu hverrar aðgerðar, sem alls eru 54. Þá er að finna upplýsingar um stöðuna á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Lögum samkvæmt skal ráðherra leggja fram á að minnsta kosti þriggja ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun til 15 ára og aðgerðaaætlun til fimm ára. Í júní 2021 verða þrjú ár frá samþykkt gildandi byggðaaætlunar og er vinna við endurskoðun hennar hafin.

### **Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.**

*Þingsályktun 15/148 um rannsóknir á örplasti í lífverum sjávar í Norður-Atlantshafi.*  
25. apríl 2018 – þskj. 857.

*Framkvæmd hafin.*

Unnið er að flestum þeim þáttum sem þingsályktunin fjallar um í samstarfi við önnur lönd, aðallega á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðsins. Í norrænu samstarfi er mikil áhersla lögð á að stuðla að þátttöku allra landanna, að tryggja norræna gagnsemi verkefna og nýta fjármagn og mannauð sem best sem og að forðast að unnið sé að sömu eða sambærilegum verkefnum á tveimur eða fleiri stöðum. Vestnorrænu löndin taka öll þátt í norrænu samstarfi og starfi innan Norðurskautsráðsins og af þeim sökum hefur Ísland ekki beitt sér fyrir sérstöku samstarfi innan Vestnorræna ráðsins um þessi málefni.

Ísland fór með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019 og fer með formennsku í Norðurskautsráðinu 2019–2021. Í tengslum við formennsku í þessum stofnunum leggur Ísland sérstaka áherslu á málefni hafsins og þar á meðal leiðir til þess að draga úr áhrifum plastmengunar í umhverfi sjávar, sérstaklega á norðurslóðum.

Eitt af stærstu formennskuverkefnum Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, NordMar Plastic, hófst í febrúar 2019 og er ætlað að samræma aðferðir á sviði rannsókna á plastmengun í hafi og milli landa. Margar stofnanir, bæði innlendar og erlendar, taka þátt í starfinu.

Ný norræn samstarfsáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum tók gildi 1. janúar 2019. Áætlunin er stefnumótandi fyrir starf Norrænu ráðherranefndarinnar til næstu sex ára og samþykkt af umhverfis- og loftslagsráðherrum Norðurlanda auk Álands, Færeyja og Grænlands. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að styrkja aðgerðir vegna mengunar hafsins, sérstaklega plasts og örplasts. Norðurlöndin vinna sameiginlega að því að samkomulag náist um gerð

alþjóðlegs samnings til að draga úr og fyrirbyggja losun plasts og örplasts í hafið, sbr. yfirlýsingu umhverfisráðherra Norðurlandanna sem samþykkt var á fundi þeirra í Reykjavík 10. apríl 2019. Sérstakur vinnuhópur skipaður sérfræðingum allra landanna vinnur að undirbúningi samningsins fyrir hönd ráðherranna.

Á vettvangi Norðurskautsráðsins er hafið einnig í brennidepli. Norðurskautsráðið vinnur m.a. að svæðisbundinni aðgerðaáætlun sem ætlað er að draga úr úrgangi í hafi, þar á meðal plasti og örplasti. Til stóð að halda alþjóðlegra vísindaráðstefnu í Reykjavík í apríl 2020 um mengun hafsins og sjónum sérstaklega beint að plasti og örplasti, en henni var frestað vegna COVID-19-faraldursins. Markmið ráðstefnunnar er að kynna og ræða niðurstöður vísindarannsókna sem geta nýst stjórnvöldum við stefnumótun og ákvarðanatöku. Vonir standa til að hægt verði að halda ráðstefnuna á næstu mánuðum.

Hafrannsóknastofnun hefur á undanförunum árum skráð kerfisbundið magn sjáanlegs plasts sem kemur í veiðarfæri í leiðöngurum stofnunarinnar. Auk þess hefur stofnunin skráð það plast sem er sjáanlegt í magasýnum við rannsóknir á fæðu fiska í vor- og haustralli. Magasýni eru greind í allmörgum tegundum, m.a. þorski, ýsu, ufsa, síld og makríl. Niðurstöðurnar hafa m.a. verið notaðar í samnorrænt verkefni, FISHPLAST, sem er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

*Pingsályktun 27/148 um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029.*

11. júní 2018 – þskj. 1245.

*Framkvæmd hafin.*

Pingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 var samþykkt á Alþingi 11. júní 2018 á grundvelli laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, nr. 20/2016. Þar ályktaði Alþingi að á árunum 2018–2029 yrði unnið að uppbyggingu innviða í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í áætluninni.

Í henni er kveðið á um fjölda aðgerða (45) á sviði stefnumótunar um verndun, fræðslu og innviðauppbyggingu á þeim stöðum sem búa við álag af völdum aukinnar ferðamennsku. Stefnumótandi landsáætlun felur í sér markmið og aðgerðir um:

- a. stýringu og sjálfbæra þróun,
- b. vernd náttúru og menningarsögulegra minja,
- c. öryggismál,
- d. skipulag og hönnun,
- e. ferðamannaleiðir.

Hvað varðar tímaramma þá var við upphaf innleiðingar gengið út frá eftirfarandi meginflokkum: sífelluverkefni og verkefni með tiltekinni afurð sem innleiða á fyrstu þrjú gildisár áætlunarinnar. Fyrir liggja ítarleg drög að innleiðingaráætlun 2018–2020 sem unnið er eftir.

Vorið 2018 var skipaður samstarfshópur um eflingu fagþekkingar, hönnunar og samræmingu við uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum og vinnur hópurinn m.a. að þeim aðgerðum í stefnumarkandi landsáætlun sem lúta að hönnun staða og innviða, efnisvali, árangursríkum og samræmdum merkingum, og fræðslu til framkvæmdaraðila. Vinna hópsins er vel á veg komin. Verkefni í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni tengist vinnu hópsins með beinum hætti. Unnið er að aðgerðum er varða vernd náttúru og menningarsögulegra minja, stýringu og sjálfbæra þróun og öryggismál innan ráðuneytisins og í samráði við önnur ráðuneyti og aðila eins og við á.

Sumarið 2020 var settur á fót samstarfshópur um ferðamannaleiðir og vinnur hópurinn að þeim þremur aðgerðum í stefnumarkandi landsáætlun sem snúa að ferðamannaleiðum. Þá er hafin er vinna við stöðumat stefnumarkandi landsáætlunar þar sem staða aðgerða verður metin. Áhersla er lögð á aðgerðir sem vinna á að fyrstu þrjú gildisár áætlunarinnar.

Í samræmi við 4. gr. laga nr. 20/2016 hefur einnig verið unnið að þriggja ára verkefnaáætlun. Hún á að rúmast innan ramma tólf ára landsáætlunar og útfæra nánar framkvæmd og ábyrgð á verkefnum, sem og að forgangsraða þeim. Snúa verkefnið einkum að undirbúningi, framkvæmd og viðhaldi innviða á stöðum sem búa við mikið álag af völdum aukinnar ferðamennsku. Slík áætlun hefur komið út þrívægis, í mars 2018, mars 2019 og mars 2020, og er nú vinna að hefjast við endurskoðun eldri áætlunar og þar með gerð fjórðu útgáfu verkefnaáætlunar.

### Utanríkisráðuneyti.

*Þingsályktun 3/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2018 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn.*  
12. desember 2018 – þskj. 692.

*Framkvæmd lokið.*

Ísland tilkynnti um uppfyllingu stjórnskipulegra skilyrða, sbr. 103. gr. EES-samningsins, 6. nóvember 2019 og ákvörðunin gekk í gildi 1. janúar 2020.

### Þingsályktanir frá 2018 þar sem framkvæmd telst lokið og umfjöllun er óbreytt frá síðustu skýrslu.

*Forsætisráðuneyti.*

— Þingsályktun 1/149 um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 5. desember 2018 – þskj. 607.

*Félagsmálaráðuneyti (velferðarráðuneyti til 1. maí 2017).*

— Þingsályktun 28/148 um skattleysi uppbóta á lífeyri, 12. júní 2018 – þskj. 1268 (sameiginleg með fjármála- og efnahagsráðuneyti).

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti.*

— Þingsályktun 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022, 22. mars 2018 – þskj. 625.

— Þingsályktun 17/148 um mat á forsendum við útreikning verðtryggingar, 8. maí 2018 – þskj. 951.

— Nefndarálit með frávisunartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum (húsnæðisliður vísitölu neysluverðs), 8. júní 2018 – þskj. 1205.

— Þingsályktun 23/148 um fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023, 8. júní 2018 – þskj. 1176.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti.*

— Þingsályktun 12/148 um úttekt á stofnun vestnorrænna eftirskóla, 25. apríl 2018 – þskj. 854.

— Þingsályktun 13/148 um vestnorrænt samstarf um menntun í sjávarútvegsfræðum, 25. apríl 2018 – þskj. 855.

— Þingsályktun 20/148 um gerð áætlunar um stafræna endurgerð íslensks prentmáls, 6. júní 2018 – þskj. 1117.

*Utanríkisráðuneyti.*

- Þingsályktun 5/148 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, 22. mars 2018 – þskj. 595.
- Þingsályktun 6/148 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2017 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn, 22. mars 2018 – þskj. 596.
- Þingsályktun 7/148 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, 22. mars 2018 – þskj. 597.
- Þingsályktun 8/148 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2017 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, 22. mars 2018 – þskj. 598.
- Þingsályktun 9/148 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 22. mars 2018 – þskj. 599.
- Þingsályktun 21/148 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, 7. júní 2018 – þskj. 1143.
- Þingsályktun 22/148 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn (almenna persónuverndarreglugerðin), 7. júní 2018 – þskj. 1144.
- Þingsályktun 2/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta), XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 12. desember 2018 – þskj. 691.
- Þingsályktun 4/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2018 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, 12. desember 2018 – þskj. 693.
- Þingsályktun 5/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2018 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, 12. desember 2018 – þskj. 694.
- Þingsályktun 6/149 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2018 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn, 12. desember 2018 – þskj. 695.
- Þingsályktun 7/149 um staðfestingu rammisamkomulags milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um verndun loðnustofnsins og stjórnun veiða úr honum, 13. desember 2018 – þskj. 730.
- Þingsályktun 8/149 um staðfestingu sammings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2018, 13. desember 2018 – þskj. 731.

## Yfirlit yfir framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2017.

### Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

*Dingsályktun 18/146 um aðgerðaáætlun um orkuskipti.*  
31. maí 2017 – þskj. 1002.

*Framkvæmd hafin.*

Samkvæmt þingsályktuninni er ráðherra sem fer með málefni er varða orkumál falið að vinna að orkuskiptum með því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa sem hafi í för með sér orkusparnað, aukið orkuöryggi, gjaldeyrissparnað, minni staðbundna mengun og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Aðgerðaáætlun um orkuskipti hefur verið ýtt úr vör þar sem fram koma mælanleg markmið um orkuskipti, áhersla á hagræna hvata, uppbyggingu innviða, orkusparnað, samstarf og rannsóknir, þróun og nýsköpun.

Unnið er að ýmsum verkefnum í samræmi við aðgerðaáætlun sem fylgdi þingsályktuninni.

### Dómsmálaráðuneyti (innanríkisráðuneyti til 1. maí 2017).

*Nefndarálit með frávisunartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaréttur erlendra ríkisborgara).*  
29. maí 2017 – þskj. 941 á 146. lögb.

*Framkvæmd hafin.*

Í október 2018 skipaði forseti Alþingis starfshóp um endurskoðun kosningalaga. Vinnuhópurinn skilaði forseta Alþingis, hinn 9. september 2020, frumvarpi og lauk þar með störfum sínum. Í þeirri vinnu var tekin afstaða til þess hvort lækka ætti kosningaaldur í sveitarstjórnarkosningum. Í athugasemdum frumvarpsins er tekið fram að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands kveði á um að aldursskilyrði kosningarréttar til Alþingis sé 18 ár. Þyki því rétt að hrófla ekki við því samræmi sem sé á milli aldursskilyrðis við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna.

### Félagsmálaráðuneyti (velferðarráðuneyti til 1. janúar 2019).

*Dingsályktun 16/146 um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021.*  
31. maí 2017 – þskj. 1000.

*Framkvæmd hafin.*

Hinn 31. maí 2017 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu félags- og jafnréttismálaráðherra um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021. Framkvæmdaáætlunin tók við af fyrri þingsályktun sem unnið var eftir árin 2012–2017. Í áætluninni eru tilgreind 39 verkefni á sjö málavíðum sem lúta að aðgengi, atvinnu, heilsu, ímynd og fræðslu, menntun, sjálfstæðu lífi og þróun þjónustu. Meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar eru að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd. Þannig megi stuðla að því að fatlað fólk, börn jafnt sem fullorðnir, geti lifað sjálfstæðu lífi og njóti mannréttinda til jafns við aðra. Starfshópur sem skipaður var af félags- og jafnréttismálaráðherra hefur það hlutverk að styðja við eftirfylgni og framkvæmd stefnunnar. Starfshópnum er einnig gert að skila árlega greinargerð til ráðherra um stöðu og framgang verkefna.

Unnið er að því að framfylgja aðgerðum í áætluninni en mörg verkefni eru farin af stað, önnur í undirbúningi og einhverjum lokið. Á árinu 2020 hefur COVID-19-faraldurinn óhjákvæmilega haft áhrif á framgang ýmissa verkefna og verður áætlun vegna þeirra verkefna endurskoðuð. Þessi óvenjulega staða hefur hins vegar skapað tækifæri til annarra verkefna. Þá hefur nokkrum verkefnum utan þeirra sem skýrt er kveðið á um í áætlun, en styðja við markmið hennar og stefnu í heild sinni, verið ýtt úr vör en árlega er ákveðnu fjármagni af áætluninni veitt til slíkra verkefna. Meðal þeirra eru verkefni sem lúta einkum að heilsuefningu, aðgengismálum, gerð fræðsluefnis o.fl.

### **Heilbrigðisráðuneyti (velferðarráðuneyti til 1. janúar 2019).**

*Dingsályktun 19/146 um gerð heilbrigðisáætlunar.*

31. maí 2017 – þskj. 1003.

*Framkvæmd lokið.*

Heilbrigðisstefna til ársins 2030 var samþykkt mótatkvæðalaust á Alþingi 3. júní 2019. Heilbrigðisráðherra hefur lagt framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára fyrir Alþingi og eftir henni verður unnið. Heilbrigðisstefnan hefur verið kynnt í öllum heilbrigðisumdæmum landsins. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, í samræmi við heilbrigðisstefnu til 2030, var lagt fram á Alþingi í nóvember 2019 og var samþykkt.

*Dingsályktun 20/146 um heildstæða stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun.*

31. maí 2017 – þskj. 1004.

*Framkvæmd lokið.*

Nú þegar heilbrigðisstefna til ársins 2030 hefur verið samþykkt á Alþingi verður horft til einstakra þátta innan heilbrigðisþjónustunnar, eins og málefna einstaklinga með heilabilun.

Heilbrigðisráðherra fékk Jón Snædal öldrunarlækni til að skrifa drög að stefnu um þjónustu við einstaklinga með heilabilun og skilaði hann ráðherra þeim drögum í júní 2019. Drögin fóru þá í samráðsgátt stjórnvalda fram til ágústloka og bárust 13 umsagnir þar, auk tveggja með tölvupósti. Unnið var úr skýrslu Jóns og umsögnum sem um hana bárust og í apríl 2020 var gefin út aðgerðaáætlun í þjónustu við einstaklinga með heilabilun.

*Dingsályktun 17/146 um lyfjastefnu til ársins 2022.*

31. maí 2017 – þskj. 1001.

*Framkvæmd hafin.*

Ný lyfjalög voru samþykkt á 150. löggjafarþingi hinn 9. júlí 2020, en þau taka gildi 1. janúar 2021. Með nýjum lyfjalögum verða m.a. innleidd þau meginmarkmið sem fram koma í lyfjastefnu um að tryggja aukið aðgengi að lyfjum, tryggja gæði, virkni og öryggi lyfja og skynsamlega og hagkvæma notkun þeirra. Nokkrir aðrir þættir lyfjastefnu eru þegar komnir á framkvæmdastig, svo sem úrræði sem dregið geta úr mis- og ofnotkun lyfja sem valdið geta ávana og fíkn, bætt rafræn umsýsla lyfja svo eitthvað sé nefnt. Í kjölfar skýrslu vinnuhóps um aðgerðir til að sporna við misnotkun lyfja sem geta valdið ávana og fíkn frá maí 2018 var sett ný reglugerð um takmarkaða afhendingu á örvandi lyfjum og morfínskyldum lyfjum. Ári eftir að reglugerðin tók gildi hafði dregið úr notkun þessar lyfja en ásókn hefur aftur aukist sérstaklega í örvandi lyf. Á haustmánuðum 2020 er unnið að innleiðingu lyfjalaganna.

## Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

*Þingsályktun 22/146 um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal.*

31. maí 2017 – þskj. 1006 (sameiginleg með umhverfis- og auðlindaráðuneyti).

*Framkvæmd hafin.*

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti hafa tilnefnt fulltrúa til að vinna að framgangi þingsályktunarinnar. Ekki er ljóst hvenær tillögur munu liggja fyrir um með hvaða hætti best er að vinna að verkefninu en Menningarfélagið Hraun hefur unnið stefnumótun 2020–2030 sem fulltrúar ráðuneytanna munu rýna við áframhaldandi vinnu.

## Þingsályktanir frá 2017 þar sem framkvæmd telst lokið og umfjöllun er óbreytt frá síðustu skýrslu.

*Forsætisráðuneyti.*

- Þingsályktun 3/146 um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 22. mars 2017 – þskj. 431.

*Félagsmálaráðuneyti (velferðarráðuneyti til 1. janúar 2019).*

- Þingsályktun 15/146 um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 31. maí 2017 – þskj. 999.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti.*

- Þingsályktun 23/146 um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 1. júní 2017 – þskj. 1063.
- Þingsályktun 4/146 um fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022, 6. apríl 2017 – þskj. 594.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (innanríkisráðuneyti til 1. maí 2017).*

- Þingsályktun 21/146 um jafnræði í skráningu foreldratengsla, 31. maí 2017 – þskj. 1005.

*Utanríkisráðuneyti.*

- Þingsályktun 7/146 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2016, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 16. maí 2017 – þskj. 800.
- Þingsályktun 13/146 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 22. maí 2017 – þskj. 854.
- Þingsályktun 10/146 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn, 22. maí 2017 – þskj. 851.
- Þingsályktun 11/146 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2016 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, 22. maí 2017 – þskj. 852.
- Þingsályktun 12/146 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 22. maí 2017 – þskj. 853.
- Þingsályktun 8/146 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, 22. maí 2017 – þskj. 849.
- Þingsályktun 9/146 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2017 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, 22. maí 2017 – þskj. 850.

- Þingsályktun 6/146 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2016 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, 22. maí 2017 – þskj. 665.
- Þingsályktun 5/146 um fullgildingu fríværslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Georgíu, 6. apríl 2017 – þskj. 595.
- Þingsályktun 2/148 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2017, 30. desember 2017 – þskj. 147.

## Yfirlit yfir framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2016.

### Forsætisráðuneyti.

*Dingsályktun 26/145 um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.*

13. apríl 2016 – þskj. 1166.

#### *Framkvæmd hafin.*

Þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu var samþykkt á Alþingi 13. apríl 2016, en hún byggist á tillögum þingmannanefndar um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland sem Alþingi fól utanríkisráðherra að setja á fót með þingsályktun nr. 45/139 frá 16. september 2011.

Lög um þjóðaröryggisráð, nr. 98/2016, voru samþykkt á Alþingi 1. september 2016. Lögbundin verkefni ráðsins eru að:

1. hafa eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis,
2. vera samráðsvettvangur um þjóðaröryggismál,
3. meta ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum,
4. fjalla um önnur málefni er varða þjóðaröryggi,
5. stuðla að endurskoðun þjóðaröryggisstefnunnar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti,
6. beita sér fyrir opinni og lýðræðislegri umræðu um þjóðaröryggismál, eflingu fræðslu og upplýsingagjöf um þau mál,
7. upplýsa Alþingi um framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar,
8. gera tillögur að breytingum á þjóðaröryggisstefnunni telji ráðið ástæðu til þess,
9. upplýsa utanríkismálanefnd Alþingis um hver þau mál sem líkleg eru til að hafa áhrif á þjóðaröryggisstefnuna og framkvæmd hennar,
10. funda reglulega og funda sérstaklega ef þeir atburðir hafa orðið eða eru yfirvofandi sem ætla má að hafi áhrif á þjóðaröryggi.

Forsætisráðherra er formaður þjóðaröryggisráðs. Þjóðaröryggisráð hefur haldið tólf reglulega fundi þar sem fjallað er um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni og varða framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar eða kunna að hafa áhrif á stefnuna og framkvæmd hennar.

Þjóðaröryggisráð hefur gefið út skýrslu um framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar á árinu 2018 er vinnsla skýrslu um framkvæmd stefnunnar á árinu 2019 á lokastigi. Er m.a. byggt á greinargerðum ráðuneyta um hvernig ráðuneyti, undirstofnanir þeirra og opinber hlutafélög á málefnasviði viðkomandi ráðuneyta hafi unnið að framkvæmd þjóðaröryggisstefnu.

Þjóðaröryggisráð hélt röð viðburða um fjölþáttaógnir á tímabilinu 2019–2020. Haldnir voru tveir opnir fundir á vegum þjóðaröryggisráðs í september 2019. Yfirskrift fyrri fundarins var „Samtal um þjóðaröryggi: Lýðræði og fjölþáttaógnir“ þar sem var fjallað m.a. um falsfréttir, fjölmiðlalæsi, opna lýðræðislega umræðu og samfélagsleg gildi. Yfirskrift seinni fundarins var „Samtal um þjóðaröryggi: Tækni og grunngildi“ Á fundinum var fjallað um tækniþróun og áhrif hennar á grunngildi þess samfélags sem við búum í. Rætt var um hvaða möguleika tæknin býður uppá til að hafa áhrif, hverjir nýta sér tæknina, í hvaða tilgangi og með hvaða árangri og loks hvernig er hægt að bregðast við. Hinn 27. febrúar 2020 stóð þjóðaröryggisráð fyrir ráðstefnunni „Samtal um þjóðaröryggi: Fjölþáttaógnir“ (e. hybrid threats) í Háskóla Íslands, þar sem fjölmargir erlendir og innlendir sérfræðingar tóku þátt.

*Dingsályktun 52/145 um undirbúning að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma.*

2. júní 2016 – þskj. 1500.

*Framkvæmd hafin.*

Gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma verður unnin með og samhliða langtímaáætlanagerð á grundvelli laga um opinber fjármál, sbr. nánar svar forsætisráðherra við fyrirspurn um málið á 146. löggjafarþingi (þskj. 306). Unnið er að gerð langtímaáætlunar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

*Dingsályktun 56/145 um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019.*

7. september 2016 – þskj. 1640.

*Framkvæmd lokið.*

Með nýrri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir tímabilið 2020–2023 telst framkvæmd þessarar þingsályktunar lokið. Á jafnréttiþingi sem haldið var 20. febrúar 2020 var í skýrslu ráðherra gerð grein fyrir stöðunni miðað við árslok 2019 en sú skýrsla fjallaði um tímabilið 2018–2019.

*Dingsályktun 70/145 um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.*

13. október 2016 – þskj. 1828 (sameiginleg með mennta- og menningarmálaráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti).

*Framkvæmd hafin.*

Þingsályktun þessi var samþykkt í tilefni þess að árið 2018 væri öld liðin frá því er íslenskt ríki, sjálfstætt, frjálst og fullvalda, var á ný stofnað með sambandslögunum 1918. Ályktunin felur í sér að ráðast skuli í eftirfarandi verkefni í tilefni af fullveldisafmælinu. Ábyrgð á verkefnum skiptist milli Alþingis og ráðuneyta Stjórnarráðsins. Framkvæmd ályktunarinnar er að mestu leyti lokið, en staðan, samkvæmt upplýsingum frá ábyrgðaraðilum, á framkvæmd verkefna hennar er sem hér segir:

- a. *Kjósa nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem undirbúi hátíðahöld árið 2018 í samræmi við ályktunina, nefndin ráði framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir þörfum og eins og fjárveitingar leyfa og starfi árin 2017 og 2018. (Ábyrgðaraðili: Alþingi.)*

Sjö manna undirbúningsnefnd var kjörin af Alþingi 22. desember 2016 og hóf störf í janúar 2017. Eftir síðustu Alþingiskosningar fjölgaði fulltrúum í nefndinni um tvo þar sem í þingsályktun er kveðið á um að í nefndinni skuli sitja fulltrúar allra þingflokka. Sæti í nefndinni áttu þá níu einstaklingar. Ráðinn var framkvæmdastjóri vegna undirbúnings og framkvæmdar hátíðarhaldanna sem hóf störf 1. júní 2017.

Afmælisnefnd hélt úti vefsíðunni [www.fullveldi1918.is](http://www.fullveldi1918.is) þar sem finna má heildardagsskrá afmælisársins. Strax í upphafi tók afmælisnefnd þá ákvörðun að leita til stofnana, félagasamtaka og landsmanna við mótun dagskrár afmælisársins. Lögð var áhersla á vönduð og fjölbreytt verkefni sem hafa skírskotun til tilefnisins hvort sem litið er til fortíðar, nútíðar eða framtíðar. Hvatt var til verkefna sem fela í sér nýsköpun, samstarf og þátttöku almennings auk þess sem lögð var áhersla á að ná til barna og ungs fólks. Viðbrögð voru góð og barst afmælisnefnd fjöldi tillagna. Valdar voru um 100 tillögur sem styrktar voru og prýða dagskrána sem hófst 1. janúar 2018 og stóð út allt árið. Auk þess var fjöldi þátttökuvíðburða á dagskrá afmælisársins. Víðburðirnir fóru fram um land allt, afar fjölbreyttir og tengjast flestum sviðum samfélagsins. Með þessari aðferð tókst að virkja mikinn fjölda fólks til beinnar þátttöku og um leið varð til fjölbreytt og metnaðar-

full dagskrá sem almenningur í landinu hefur notið. Þátttaka ýmissa stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja í atvinnulífinu var forsenda þess að markmið afmælisnefndar næðist um að við fögnuðum öll saman 100 ára fullveldi Íslands.

Á vefsíðu afmælisnefndarinnar, sem nú hefur lokið stöfum, er margvíslegur fróðleikur og fréttir frá afmælisárinu. Afmælisnefndin hélt jafnframt úti Facebook-síðunni Fullveldi Íslands þar sem viðburðir á dagskrá afmælisársins voru kynntir. Þessi vettvangur var einnig notaður til að kynna samstarfsverkefni, til dæmis Vísindavefinn sem svaraði einni spurningu á viku um hvaðeina sem tengist árinu 1918.

- b. *Halda hátíðarfund á Þingvöllum 18. júlí 2018 en þann dag fyrir einni öld var samningum um fullveldi Íslands lokið. (Ábyrgðaraðili: Alþingi.)*

Vorið 2017 var skipaður vinnuhópur innan skrifstofu Alþingis sem hafði á hendi undirbúning að Þingvallafundinum og jafnframt samráð við þá aðila utan þings sem kæmu að undirbúningnum. Í júlí 2017 óskaði skrifstofan eftir samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins um framkvæmdir við smíði þingpalls fyrir hátíðarþingfundinn, þ.e. frumathugun á verkinu, áætlunargerð og eftirlit. Um svipað leyti var síðan leitað eftir því við Ríkisútvarpið að það sýndi beint frá þingfundinum. Auk þess var leitað til annarra aðila um samstarf, þar á meðal lögreglu, Þjóðgarðsins á Þingvöllum og Vegagerðarinnar.

Þegar undirbúningur hátíðarfundarins hófst var ljóst að veigamesti framkvæmda- og kostnaðarþátturinn yrði pallur fyrir þingmenn og gesti þingsins. Þegar hátíðarþingfundir voru haldnir árið 1994 og 2000 á Þingvöllum voru byggðir timburpallar. Eftir nokkra umfjöllun um þingpalla var ákveðið að leigja svokallaða sviðspalla, en það var talinn einfaldari og umhverfisvænni kostur. Aldrei var reiknað með fjölmenni á Þingvöllum miðvikudaginn 18. júlí, líkt og verið hafði á Þjóðhátíðum á Þingvöllum áður. Allir væru þó velkomnir til Þingvalla til að fylgjast með hátíðarþingfundinum en ákveðið var að leggja meira í sjónvarpsútsendingu frá þingfundinum en á fyrri hátíðarfundum. Fáir gestir komu á fundinn en sjónvarpsáhorf reyndist mikið.

Eftir frumathugun og gerð fyrstu áætlana um uppsetningu þingpalla birti Framkvæmdasýsla ríkisins auglýsingu í Fréttablaðinu um miðjan mars 2018 þar sem óskað var eftir tilboðum í leigu og uppsetningu sviðspalla. Frestur var gefinn til 6. apríl til að skila inn tilboðum. Aðeins tvö verðtilboð bárust.

Við könnun á innsendum verðtilboðum komu í ljós nokkrir ágallar á lægra tilboðinu og var þeim aðila gefinn frestur af Framkvæmdasýslu ríkisins til að bæta úr ella yrði verkkaupa (Alþingi) ráðlagt að hafna því. Við þeim óskum var ekki orðið og tilboðinu því hafnað. Eftir það lá ljóst fyrir að gengið yrði til samstarfs við Exton ehf. um leigu og uppsetningu pallanna.

Snemma í undirbúningnum hófust umræður um nauðsynlegan tæknibúnað (hljóð, lýsing, rafmagn o.s.frv.) og kröfur til hans. Að mörgu var að hyggja, hljóð þurfti að berast nokkra leið frá þingpallinum, lýsing að henta beinni sjónvarpsútsendingu sem mikill metnaður var lagður í og þá þurfti að leiða rafmagn að þingstaðnum. Eftir afgreiðslu tilboða í uppsetningu þingpallanna var kallað eftir verðtilboðum í stærstan þátt tæknimálanna frá þeim fyrirtækjum sem upphaflega höfðu lagt inn verðtilboð í pallana. Unninn var samانبurður milli þessara tilboða og var niðurstaðan sú að taka tilboði frá Exton ehf. í tæknimálin í heild sinni (hljóð- og ljósabúnað ásamt burðarkerfi og upphengibúnaði auk vinnu tæknimanna við uppsetningu búnaðarins og stýringu hans).

Hátíðarfundur Alþingis var haldinn að Lögbergi á Þingvöllum miðvikudaginn 18. júlí 2018, en hinn 18. júlí 1918 var samningum um fullveldi Íslands lokið með undirritun sambandslaganna sem tóku gildi 1. desember sama ár.

Á dagskrá þingfundarins á Þingvöllum var eitt mál, þ.e. tillaga formanna stjórnmalaflokkanna um verkefni í þágu barna og ungmenna og um rannsóknir er stuðli að sjálfbærni auðlinda hafsins og nýtt hafrannsóknaskip. Tillagan var afgreidd á fundinum með umræðu og atkvæðagreiðslu.

Eftir hátíðarþingfundinn var boðið til móttöku í nýrri móttökumiðstöð á Hakinu.

Þingvellir eru á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna og helgur staður fyrir þjóðina. Áhersla var því lögð á að reyna að mæta öllum kröfum um að vernda sem mest svæðið þar sem þingpallurinn var settur upp. Þegar pallar og allur búnaður hafði verið fjarlægður að kvöldi fundardags 18. júlí 2018 var ekki hægt að sjá að þar hefði verið fundur fyrr um daginn.

- c. *Fela ríkisstjórninni að efna til hátíðahalda 1. desember 2018 þegar öld verður liðin frá því að sambandslögin öðluðust gildi; jafnframt efni ríkisstjórnin af því tilefni til samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar og skipulags á Stjórnarráðsreit. (Abyrgðaraðili: Forsætisráðuneytið.)*

Fullveldishátíð 1. desember, í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands, var undirbúin og skipulögð af forsætisráðuneytinu og var Kolbrún Halldórsdóttir, verkefnisstjóri. Dagskrá hátíðarhaldanna byggðist á list- og menningartengdum viðburðum sem voru í boði í helstu menningarstofnunum þjóðarinnar auk þess sem boðið var til veislu víða um landið.

Í upphafi undirbúnings var ákveðið að beina sjónum til framtíðar og leita til ungs fólks um hugmyndir að viðburðum dagsins. Það er því sýn þeirra til næstu 100 ára sem var leiðarstef dagskrárinnar. Sjálfstæðisbarátta 21. aldarinnar var meginviðfangsefni þeirra listamanna, hönnuða, fræðimanna og vísindamanna sem lögðu hátíðinni til fjölbreytilegt efni og uppákomur. Í Reykjavík buðu helstu menningarstofnanir þjóðarinnar upp á list- og menningartengda viðburði auk þess sem viðburðir voru í boði í öllum landshlutum. Um var að ræða sýningar, samræður, spuna, söng og sögur af öllu tagi, sögur sem ungt fólk tók þátt í að velja, semja og útsetja. Horft var fram á veginn, til næstu 100 ára, með sögu síðustu aldar í farteskinu.

Hátíðin var sett við Stjórnarráðshúsið þar sem mannlíf og samfélag voru í brennidepli en líka náttúra og umhverfi. Sjónum var beint að íslenskri tungu en einnig varpað ljósi á þær breytingar sem eru að verða á samsetningu þjóðarinnar, sem er af fjölbreyttum uppruna, á margbreytilegum aldri, með ólíka getu, af öllum kynjum og talar 100 tungumál. Lögð var áhersla á að gera dagskráratríðin aðgengileg fyrir alla gegnum útvarp, sjónvarp og streymi á vef. Í lok dags var flutt hátíðardagskrá í Eldborg, Hörpu, í beinni sjónvarpsútsendingu RÚV.

Í aprílbyrjun 2018 auglýstu Ríkiskaup eftir tillögum í samkeppni annars vegar um hönnun og útlit 1200 fermetra viðbyggingar við gamla Stjórnarráðshúsið og hins vegar um skipulag Stjórnarráðsreits, sem afmarkast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu.

30 tillögur bárust í samkeppninni vegna viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið og átta tillögur vegna skipulags Stjórnarráðsreits. Sérstök dómnefnd var skipuð, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands til að meta tillögur og voru verðlaun veitt fyrir bestu tillögurnar að mati dómnefndar í Safnahúsinu við Hverfisgötu 3. desember 2018. Um leið var opnuð sýning á öllum tillögum sem bárust í samkeppnirnar og var sýningin opin almenningi til 31. desember 2018. Fyrstu verðlaun í samkeppninni um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið hlutu Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason hjá KURTOGPÍ og Garðar Snæbjörnsson, Jóhanna Høeg Sigurðardóttir og Ólafur Baldvin Jónsson. Fyrstu

verðlaun í samkeppninni um skipulag Stjórnarráðsreits hlutu T.ark Arkitektar og SP(R)INT Studio (Karl Kvaran arkitekt (FAÍ) og skipulagsfræðingur, Ivon Stefán Cilia, arkitekt, FAÍ, Sahar Ghaderi, arkitekt Ph.D og Sara Mortazavi, arkitekt).

d. *Fela undirbúningsnefnd að:*

1. *Láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldisréttar er Ísland öðlaðist að þjóðarétti árið 1918. (Ábyrgðaraðili: Alþingi.)*

Gunnari Þór Bjarnasyni sagnfræðingi var falið að vinna að ritun bókar um aðdraganda sambandslaganna, efni þeirra og framkvæmd. Ber bókin heitið *Hinir útvöldu: Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918*.

Þá ritstýrði Guðmundur Jónsson greinasafni um inntak fullveldisréttar, sem inniheldur 10 fræðigreinar um það efni og ber heitið *Frjálst og fullvalda ríki: Ísland 1918–2018*. Sögufélag annaðist umsjó og útgáfu bókanna samkvæmt samningi þar um og í samræmi við greinargerð með ályktuninni. Útgáfudagur var 8. nóvember 2018.

2. *Stofna til sýningar í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar. (Ábyrgðaraðili: Alþingi.)*

Sýningin Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár var opnuð í Listasafni Íslands 17. júlí 2018. Sýningin var unnin í samstarfi við Árnastofnun, Þjóðskjalasafn Íslands og Listasafn Íslands. Lífsblómið fjallaði um fullveldi Íslands, forsendur þess og meginþætti í sjálfstæðisbaráttu og sjálfsmynd Íslendinga frá árinu 1918 og til dagsins í dag. Á sýningunni voru sýnd í fyrsta skipti á Íslandi tvö af helstu miðaldahandritum Íslendinga, sem fengin voru að láni frá Danmörku, Reykjabók Njálu og Ormsbók Snorra-Eddu. Auk þess voru á sýningunni handrit úr safnaeign Árnastofnunar og skjöl frá Þjóðskjalasafni Íslands svo sem manntalið frá 1703 sem er líklega elsta manntal í heimi, sem enn er varðveitt, þar sem getið er allra þegna heillar þjóðar með nafni, aldri og stöðu. Myndlistin ljær umræðunni um ýmis átakamál á fullveldistímanum rödd og ýmsar sögulegar heimildir veita okkur aðgang að hugsun og lífi þeirra sem horfin eru á braut. Sýningin stóð til 16. desember 2018.

3. *Stuðla að heildarútgáfu Íslendingasagna á afmælisárinu svo að fornar bókmenntir Íslendinga séu jafnan öllum tiltækar, jafnt á bók sem stafrænu formi. (Ábyrgðaraðili: Alþingi.)*

Ný heildarútgáfa af Íslendingasögunum kom út 17. júní 2018 samkvæmt samningi við Sögu forlag ehf. Textar sagna og þátta hafa verið endurskoðaðir með hliðsjón af rannsóknum undanfarinna áratuga og mikil vinna var lögð í skýringar á tæplega 600 vísnum sem fylgja sögum og þáttum. Þá fylgir útgáfunni margvíslegt skýringarefni og formálar sem ætlað er að greiða götu lesenda um þessa heillandi sagna-veröld. Bækurnar prýða myndverk eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Ritstjórar eru Aðalsteinn Eypórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Umsjón með útgáfunni hafði Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Árnastofnun.

4. *Hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918. (Ábyrgðaraðili: Alþingi.)*

Undirbúningsnefnd átti í samstarfi við fjölmarga aðila í því skyni að hvetja skóla til að beina sjónum að tímamótunum og á vefsíðunni [www.fullveldi1918.is](http://www.fullveldi1918.is) er að finna fjölbreytilegt fræðsluefni sem m.a. má nota til kennslu á öllum skólastigum.

Þar er að finna flokk sem heitir „*Hvað viltu vita um 1918?*“. Undirflokkar eru nú fjórir: 1. Stuttmyndin „Fullveldi Íslands 1918–2018“. Í myndinni er farið í stuttu máli yfir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda árið 1918. Myndin er aðgengileg á þremur tungumálum; íslensku, dönsku og ensku. 2. „Fullveldisöldin“, tíu örþættir sem framleiddir eru af Saga film með stuðningi afmælisnefndar og fjalla um líf fullvalda þjóðar. 3. Námsfni fyrir börn og ungt fólk. 4. Fræðsluefni og greinar.

Undir flokknum „*Námsefni fyrir börn og ungt fólk*“ getur að líta námsefni fyrir grunnskóla, sem samið var af Helga Grímssyni, sem og kennsluleiðbeiningar. Þar er einnig að finna verkefnahugmyndir sem tengjast daglegu lífi fólks 1918. Vísindavefurinn var í samstarfi við afmælisnefnd. Á vefsíðu afmælisnefndar og Vísindavefsins er að finna fjölmörg svör um hvaðeina sem tengist 1918, efni sem hægt er að nýta bæði í kennslu og við verkefnavinnu. „Menning, tunga, tímagöng“ er 360° sýndarveruleikasýning sem hugsuð var sem ítarefni við kennslu í íslensku og samfélagsfræði og lífsleikni á miðstigi og efsta stigi grunnskóla og geta skólar fengið aðgengi að sýningunni á rafrænan hátt. Þessi upptalning er ekki tæmandi og er einungis hluti af því fræðsluefni sem finna má á síðunni ætlað börnum og ungu fólki.

Flokkurinn „*Fræðsluefni og greinar*“ geymir efni sem gagnast m.a. fyrir framhaldsskóla og háskóla sem og þá sem hafa áhuga á að kynna sér efni tengt fullveldinu. Í þessum flokki má m.a. finna upptökur af ráðstefnum og málþingum sem haldin voru í tilefni fullveldisafmælisins, lista yfir greinar og bækur sem tengjast fullveldinu, tengil á nýjan vef sem Hagstofan opnaði í tilefni fullveldisafmælisins um Sögulega tölfræði, Vísindavefinn o.fl. sem tengist fullveldisafmælinu.

- e. *Fela ríkisstjórninni að sjá til þess að í fjármálaáætlun til næstu fimm ára, sem lögð verður fyrir Alþingi vorið 2017, verði gert ráð fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns. (Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.)*

Í fjármálaáætlun 2020–2024 (bls. 321) segir m.a. um markmið í safnamálum: „Stefna ber að því að gestir eigi, með öflugum og samhæfðu safnastarfi og uppbyggingu nauðsynlegrar aðstöðu, sífellt betri aðgang að menningar- og náttúruarfi þjóðarinnar og að honum verði miðlað þannig að fortíð sé tengd við nútíð með upplýsandi hætti.“ Verkefni tengt þessu markmiði er (bls. 322): „*Náttúruminjasafn Íslands*. Gera áætlun um framtíðaruppbyggingu safnsins.“ Tímaáætlun þess er 2020–2021.

Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2020 er gerð grein fyrir aðgerð (bls. 265) með eftirfarandi hætti: „*Styrkja starfsemi höfuðsafna*. Unnið að uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands til framtíðar.“ Þá kemur einnig fram að fjárveiting til safnsins verði aukin um 15 millj. kr. árið 2020 (bls. 266).

Fjárveitingar til Náttúruminjasafns Íslands árið 2017 voru samkvæmt áætluðum ríkisreikningi 45,1 millj. kr., en útgjaldarammi hefur hækkað í alls 104,2 millj. kr. samkvæmt fjárlögum 2020. Þess má vænta að framlög til Náttúruminjasafns Íslands breytist í samræmi við útgjaldaramma málefnaviðsins.

Í kjölfar opunar sýningar Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni 1. desember 2018 var lögð áhersla á að undirbúa uppbyggingu safnsins til framtíðar með gerð stefnu sem byggist á þarfagreiningu um starfsemi, þörfum fyrir sýningar- og þjónusturými af öllu tagi, hlutverki safnsins gagnvart öðrum söfnum í landinu á sviði náttúruminja, miðlunarhlutverki gagnvart almenningi o.s.frv. og loks uppbyggingar- og rekstrarkostnaði safnsins til framtíðar. Í ágúst 2020 skilaði starfshópur, skipaður af mennta- og menningarmála-

ráðherra, greinargerð um fýsileika þess að nýta hálfbyggt, sérhannað safnhús við Safnatröð 4 á Seltjarnarnesi fyrir framtíðarhöfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins. Meginniðurstaða er sú að Nes á Seltjarnarnesi sé góður framtíðarstaður fyrir Náttúruminjasafnið og að hið hálfbyggða safnhús henti að mörgu leyti vel fyrir starfsemina með lítilsháttar breytingum. Framkvæmdin tæki skamman tíma og yrði hagkvæmari en hönnun og bygging nýs húss. Nú er unnið úr tillögum greinargerðarinnar í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

- f. *Fela ríkisstjórninni að undirbúa ályktunartillögu um uppbyggingu innviða fyrir máltækni fyrir íslenska tungu og fimm ára áætlun um það efni. (Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.)*

Haustið 2016 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra stýrihóp til að hafa umsjón með kortlagningu á tækni fyrir máltækni, stefnumörkun og vali á tæknilegri útfærslu fyrir íslensku. Nefndinni var einnig falið að gera stöðumat á íslenskum gagnasöfnum og nákvæma fjárhags- og verkáætlun fyrir fimm ára máltækniáætlun. Stýrihópur um íslenska máltækni skilaði til ráðherra í júní 2017 skýrslunni *Máltækni fyrir íslensku 2018–2022* auk skýrslu starfshóps um stöðu og framtíð menntunar á sviði máltækni og minnisblaði um brýn máltækni verkefni.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur samið við sjálfseignarstofnunina Almennaróm um rekstur miðstöðvar máltækniáætlunar fyrir íslensku, að undangengnu útboði. Miðstöðin hefur yfirumsjón með framkvæmd og samhæfingu máltækni verkefnisins, samkvæmt verkáætluninni *Máltækni fyrir íslensku 2018–2022* sem er fullfjármögnuð í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Aðalmarkmið miðstöðvar máltækniáætlunar er að sjá til þess að verkefni máltækniáætlunar verði framkvæmd hjá þeim sérfræðingum, stofnunum og fyrirtækjum sem fengin eru til að útfæra þau og sjá um samhæfingu. Til þess að ná þessu markmiði samdi Almennarómur við rannsakendur, þróunar- og framkvæmdaraðila, með sérþekkingu á sviði málvísinda og máltækni og hafa efnt til samstarfs undir heitinu „Samstarf um íslenska máltækni“ (SÍM). Einnig mun miðstöðin kynna möguleika máltækni fyrir fyrirtæki og stofnanir, koma á samstarfi við erlend fyrirtæki sem þróa máltækni lausnir og fylgjast með möguleikum á fjölbjóðlegu þróunarsamstarfi í máltækni. Öllum verkefnum, þ.m.t. hugbúnaði og gögnum, skal skilað vel skjöluðum í miðlæga varðveislustöð fyrir íslenska máltækni, þar sem þau verði aðgengileg til framfærðar án endurgjalds. Vinna við þróun svokallaðra kjarnaverkefna eða smíði innviða fyrir máltækni, hófst 1. október 2019 og eru verkefni á áætlun. Samkvæmt viðauka við grunnsamning ráðuneytisins og Almennaróms sem gerður var á sama tíma til eins árs í senn, fékk SÍM greiddar 383 millj. kr. fyrir þessi verkefni á fyrsta ári og voru 60% af þeirri upphæð greiddar út við undirritun samnings. Skrifað var undir nýjan viðauka 22. júní 2020 og er framlag ríkissjóðs til verkefna máltækniáætlunar fyrir tímabilið 1. október 2020 til 30. september 2021, samtals 528 millj. kr.

Stýrihópur vegna samningsins við Almennaróm funda a.m.k. tvisvar á ári um framvindu verkefnisins.

Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík gerðu með sér samstarfssamning um meistaranám í máltæki 23. mars 2018. Sérstök nefnd með fulltrúum beggja skóla hefur umsjón með samningnum sem er til fimm ára. Um þrjár innritunarleiðir er að ræða: meistaranám í máltækni við tölvunarfræðideild HR, meistaranám í máltækni við íslensku- og menningardeild HÍ og máltækniþjórsvið innan meistaranáms í tölvunarfræði við HÍ.

Heildarkostnaður máltækniáætlunarinnar árin 2018–2022 er 2.338 millj. kr. Af því er gert ráð fyrir að framlag nýsköpunarfyrirtækja verði 500 millj. kr. en ríkissjóður leggi til

1.838 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður við miðstöð mál-tækniáætlunar sé 40 millj. kr. á ári og kostnaður við menntun á sviði máltækni og CLARIN-samstarfið verði 35 millj. kr. á ári.

- g. *Fela Þingvallanefnd að ljúka stefnumörkun fyrir framtíðaruppbyggingu Þjóðgarðsins á Þingvöllum og efna til sýningar um sögu Þingvalla og náttúrufar. (Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.)*

Unnið var að endurskoðun stefnumörkunar fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum árið 2018. Umsagnarfresti lauk 1. nóvember að undangenginni kynningu og var hún staðfest fyrir 1. desember.

Ný og stærri gestastofa Þjóðgarðsins á Þingvöllum á Hakinu var tekin í notkun í júlí 2018. Í gestastofunni er glæsileg sýning sem dregur fram sögu, menningu og náttúru Þingvalla.

### **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.**

*Þingsályktun 42/145 um að efla samstarf Íslands og Grænlands.*

2. júní 2016 – þskj. 1483 (sameiginleg með fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmála-ráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti (þá velferðarráðuneyti)).

*Framkvæmd vegna hluta atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hafin.*

Veruleg samskipti og samstarf hafa verið og eru við Grænland á sviði sjávarútvegsmála þar sem þessi mál hafa verið rædd.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er í samstarfi við Grænland um málefni ferðaþjónustu, m.a. á vettvangi Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA) og undir merkjum vestnorræna ferðamálasamstarfsins NATA.

Íslensk fyrirtæki hafa mörg hver komið að vatnsaflsverkefnum á Grænlandi, m.a. með ráðgjöf. Í undirbúningi er að kanna, m.a. hjá Orkustofnun, hvernig unnt er að efla samstarf og ráðgjöf á sviði slíkra verkefna.

Til skoðunar er samkomulag um þjónustu við hugsanlega starfsemi á austurströnd Grænlands í tengslum við sjálfbæra auðlindanýtingu. Að svo stöddu liggja ekki fyrir drög að slíku samkomulagi.

*Framkvæmd vegna hluta fjármála- og efnahagsráðuneytis ekki hafin.*

Með þingsályktuninni lýsti Alþingi stuðningi við söguleg skref sem vana- og nágrannaþjóð Íslendinga á Grænlandi hefði á síðustu áratugum tekið til aukinnar sjálfstjórnar og fól ríkisstjórninni að leita leiða til að efla tengsl og samvinnu við Grænland með áherslu á m.a. vinnu við gerð samkomulags sem tryggði fullt tollfrelsi varðandi sölu varnings og þjónustu og jafnhliða yrði unnið að því að ryðja öðrum hindrunum úr vegi greiðra viðskipta og þátttöku í atvinnulífi. Málið hefur ekki verið tekið til sérstakrar skoðunar.

*Framkvæmd vegna hluta heilbrigðisráðuneytis (þá velferðarráðuneytis) hafin.*

Samstarf Íslands og Grænlands á sviði heilbrigðisþjónustu á sér langa sögu, einkum þannig að Grænendingar hafa sótt þjónustu til Íslands. Þetta á við um nýbura jafnt sem fullorðna, veika sem slasaða. Einnig hafa Grænendingar sótt valaðgerðir til Íslands, svo sem mjaðmaskipti og augnaðgerðir.

Árið 1997 var þetta samstarf formgert með samningi milli þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á Íslandi, embættis landlæknis, Landspítala, þáverandi Sjúkrahúss

Reykjavíkur og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, mótaðilinn var heilbrigðisráðuneyti Grænlands.

Samningur milli heilbrigðisráðherra Grænlands og Íslands um aukið samstarf var undirritaður í júní 2010 og náði þá einnig yfir samstarf við mönnun heilbrigðisstétta, menntun og viðhaldsmenntun, rannsóknir o.fl. Nýr samstarfssamningur milli Íslands og Grænlands var undirritaður árið 2018. Gildir hann frá 1. september 2018 og leysir af hólmi eldri samninginn frá árinu 2010.

Þetta samstarf eflist enn þegar heilbrigðisráðherrar Íslands, Færeyja og Grænlands undirrituðu samstarfssamning í júní 2014, sem m.a. kveður á um árlega fundi ráðherranna. Síðasti fundurinn var haldinn í Færeyjum 12. og 13. mars 2019 þar sem farið var yfir það sem efst var á döfni í heilbrigðismálum í löndunum Einnig má geta þess að til að efla tengslin enn frekar var komið á Norrænum ráðuneytisstjórafundi og var fyrsti fundur haldinn vorið 2018 í Stokk-hólmi. Þessir fundir komust á í tengslum við tillögur Bo Könsberg, fyrrverandi heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Svíþjóðar.

Sumarið 2017 undirrituðu Landspítali og Sjúkrahús Ingiríðar drottningar samstarfs-samning sem gerir ráð fyrir enn frekari eflingu samskipta starfsfólks og samstarfi í þjónustu við sjúklinga.

Telja verður að undanfarinn áratug hafi samstarf og samvinna á sviði heilbrigðisþjónustu aukist verulega milli Íslands og Grænlands.

#### *Framkvæmd vegna hluta umhverfis- og auðlindaráðuneytis ekki hafin.*

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur ekki beint tekið upp tvíhliða samstarf við græn-lenskar stofnanir, en vinnur með fulltrúum stjórnvalda í Grænlandi aðallega á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðsins. Ráðuneytið hefur almennt ekki tekið mikinn þátt í tvíhliða samstarfi ríkja þar sem töluvert er umleikis í fjölþjóðlegu samstarfi á vettvangi alþjóðastofnana og alþjóðasamninga sem er krefjandi verkefni fyrir litla stjórnsýslu.

#### *Framkvæmd vegna hluta utanríkisráðuneytis hafin.*

Vestnorræna ráðið er mikilvægur samráðsvettvangur, sem utanríkisráðuneytið leggur áherslu á að styðja, m.a. með því að stuðla að pólitísku samráði. Grænlandsnefnd utanríkisráðherra, undir forsæti Össurar Skarphéðinssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra, mun skila sínum tillögum til utanríkisráðherra haustið 2020. Skýrsla nefndarinnar inniheldur 99 tillögur um aðgerðir til að auka samvinnu Íslands og Grænlands á ýmsum sviðum, þar af er tíu tillögum til stefnumörkunar forgangsraðað.

### **Dómsmálaráðuneyti (innanríkisráðuneyti til 1. maí 2017).**

*Nefndarálit með frávisunartillögu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (samfélagsþjónusta ungra brotamanna).*

23. febrúar 2016 – þskj. 885 á 145. lögþ.

#### *Framkvæmd hafin.*

Með umræddu nefndaráliti var frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum vísað til ríkisstjórnarinnar. Í frumvarpinu var lagt til að þegar sakborningur er unglingur á aldrinum 15–21 árs verði heimilt að setja sérstakt skilyrði um samfélagsþjónustu fyrir frestun fullnustu refsingar skv. 57. gr. laganna. Refsiréttarnefnd hefur haft til skoðunar hvort sú samfélagsþjónusta sem verið hefur á verksviði Fangelsismálastofnunar verði ákveðin með því að dómstólar dæmi viðkomandi til samfélagsþjónustu.

### Félagsmálaráðuneyti (velferðarráðuneyti til 1. janúar 2019).

*Dingsályktun 63/145 um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019.*  
20. september 2016 – þskj. 1692.

*Framkvæmd hafin.*

Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda var samþykkt í september 2016. Áætlunin er byggð á fimm stöðum: samfélaginu, fjölskyldunni, menntun, vinnumarkaði og flóttafólki. Þar eru 30 samþykktar aðgerðir sem stuðla allar að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Aðgerðirnar hafa verið á ábyrgð þriggja ráðuneyta: velferðarráðuneytisins (nú félagsmálaráðuneytis), innanríkisráðuneytisins (nú dómsmálaráðuneytis eða samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis) og mennta- og menningar- málaráðuneytisins.

Nú þegar tímabili áætlunarinnar er lokið eru 27 af 30 aðgerðum sem settar eru fram í áætluninni ýmist í undirbúningsferli, vinnslu eða þeim lokið. Þrjár aðgerðir komust ekki til framkvæmdar á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að ný framkvæmdaáætlun verði kynnt í samráðsgátt í október 2020. Að því ferli loknu mun ráðherra kynna nýja tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

### Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

*Nefndarálit með frávísunartillögu um frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala.*  
31. ágúst 2016– þskj. 1612 á 145. lögþ. (sameiginlegt með heilbrigðisráðuneyti (þá velferðarráðuneyti)).

*Framkvæmd ekki hafin.*

Samkvæmt nefndarálini velferðarnefndar frá 31. ágúst 2016 felur frumvarpið í sér að stofn- aður verði byggingarsjóður Landspítala í vörslu fjármála- og efnahagsráðuneytis sem starf- ræktur verði í því skyni að fjármagna nýbyggingar og meiri háttar endurnýjun húsakosts Land- spítala. Í frumvarpinu er lagt til að tekjustofn sjóðsins verði tekjur af auðlegðarskatti auk þess sem sjóðnum verði heimilt að taka við frjálsum framlögum. Ekki náðist samstaða í nefndinni um þá útfærslu á byggingarsjóði Landspítala og fjármögnun hans sem lagt er upp með í frum- varpinu. Engu að síður var einhugur í nefndinni um að leggja áherslu á að haldið yrði áfram byggingu Landspítala og henni lokið sem fyrst. Nefndin beindi því til ríkisstjórnarinnar að hún ynni að frekari úrbótum á húsakosti Landspítala, bæði með því að ljúka byggingu nýs spítala sem og með úrbótum á núverandi húsakosti sem unnt er að nýta áfram.

Velferðarnefnd lagði til á fundi sínum 31. ágúst 2016 að frumvarpinu yrði vísað til ríkis- stjórnarinnar.

Uppbygging húsnæðis Landspítalans við Hringbraut er stærsta beina fjárfestingarverkefni ríkisins frá upphafi. Framkvæmdir við nýjan Landspítala eru hafnar með nýrri byggingu sjúkrahótels og jarðvegsframkvæmdum við meðferðarkjarna. Í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir nauðsynlegum fjárveitingum til uppbyggingar; meðferðarkjarna, rannsóknahúss, bílastæða-, tækni- og skrifstofuhúss, tengibrúa, bílakjallara við Sóleyjartorg, tækni- og stoðkerfa og þyrlu- palls. Ljóst er að verkefnið er stærra og mun auk framangreindra verkþátta m.a. ná til upp- byggingar göngudeildarhúss, tengibygginga milli nýbygginga og eldri bygginga, viðhalds eldri bygginga, tækjakaupa auk ráðstöfunar og sölu þeirra bygginga sem spítalinn mun ekki

hafa þörf fyrir þegar nýjar byggingar verða teknar í notkun. Rýna þarf og eftir atvikum endurskoða eldri útreikninga og forsendur um nýtingu húsnæðis og vænt rekstrarhagræði sem leiða mun af uppbyggingunni.

Ljóst er að bygging nýrra meginbygginga Landspítala er flókið verkefni sem felur í sér verulega áhættu hvað varðar framkvæmdatíma, kostnað, gæði og notagildi. Þessi áhætta tengist öllum þáttum frá þarfagreiningu, undirbúningi og hönnun til verklegrar framkvæmdar og flutnings. Vegna þessa þarf að ganga frá nýju skipulagi og stýringu framkvæmda vegna Landspítala sem hæfi svo umfangsmiklu, margþættu og flóknu verkefni. Sérstökum stýrihópi verður komið á fót sem er ætlað að staðfesta áætlanir og tryggja að allt verkefnið lúti áherslum stjórnvalda um hlutverk Landspítala, áætlunum um verkefni og rekstur hans og byggi á markvissu umbótastarfi sem er forsenda þess að heilbrigðisþjónustan nýti þau tækifæri sem bygging nýs Landspítala felur í sér.

Þá hefur jafnframt verið tekin ákvörðun um breytt hlutverk á Nýjum Landspítala ohf. sem fær aukin verkefni:

- Að skilgreina þörf Landspítala fyrir húsnæði til lengri tíma á grunni áætlana um rekstur og umbætur í starfsemi á grundvelli heilbrigðisstefnu.
- Að endurmeta skipulag svæða og vinna í því sambandi tillögur um breytta nýtingu eldri bygginga og ráðstöfun bygginga sem ekki verða nýttar til starfsemi Landspítala.
- Að endurhanna eldri byggingar í ljósi breyttrar nýtingar, bjóða framkvæmdir út, hafa eftirlit með verklegum framkvæmdum og gera skilamat.
- Að vinna áætlanir um tæki og búnað og flutninga í nýja innviði.

Framkvæmd og verkefnastjórn þriggja lykilþátta, þ.e. þarfagreiningar, bygginga og innleiðingar verður samkvæmt þessu í höndum NLSH.

Með vísan til þingsályktunar nr. 45/143 um endurnýjun og uppbyggingu Landspítala er gert ráð fyrir tugmilljarða hækkun framlags á málefnasviði 23, sjúkrahúsþjónustu, í fjármálaáætlun 2020–2024 til að byggja nýjan meðferðarkjarna og rannsóknarhús á lóð Landspítala. Í fjárlagafrumvarpi 2020 er gert ráð fyrir 8.507 millj. kr. fjárframlagi sem ætlað er til bygginga framkvæmda.

*Nefndarálit með frávísunartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum*  
12. október 2016 – þskj. 1812 á 145. lögþ.

*Framkvæmd hafin.*

Með frumvarpinu var lagt til að þjónusta og vörusala íþrótt- og æskulýðsfélaga sem stunduð er í því skyni að afla fjár til að standa undir kjarnastarfsemi þeirra yrði undanþegin virðisaukaskatti. Einnig var lagt til að íþrótt-, æskulýðs- og ungmennafélög fengju endur-greiddan virðisaukaskatt vegna tilgreinds kostnaðar við íþróttamannvirki á árinu 2016. Markmið frumvarpsins var að styðja við starfsemi íþrótt-, æskulýðs- og ungmennafélaga, einkum sjálfboda-liðastarf og uppbyggingu íþróttamannvirkja. Mál svipaðs efnis voru lögð fram á 143. og 144. löggjafarþingi (487. og 411. mál). Efnahags- og viðskiptanefnd lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem fjármála- og efnahagsráðherra hafði skipað stýrihóp sem vinna skyldi að endurskoðun á reglum um virðisaukaskatt og vörugjöld í því skyni að einfalda og bæta skilvirkni kerfisins. Nefndin lagði jafnframt til að tillögurnar yrðu teknar til skoðunar hjá stýrihópnum ásamt öðrum atriðum sem verið hefðu til umræðu hjá nefndinni, t.d. hvað varðar virðisaukaskatt af bókum, tónlist og starfsemi efnisveitna. Stýrihópurinn er ekki lengur að störfum þó hann hafi ekki verið formlega lagður niður, en ekki náðist að ljúka öllum þeim verkefnum sem hann fékk í hendur og hefur því verið unnið að málinu í öðrum farvegi.

Í apríl 2019 skipaði fjármála- og efnahagsráðherra starfshóp til að fara yfir skattalegt umhverfi þeirrar starfsemi sem fellur undir þriðja geirann og starfar til almannaheilla, en þar undir fellur m.a. íþrótt- og æskulýðsstarfsemi. Í janúar 2020 skilaði starfshópurinn skýrslu til ráðherra. Það var niðurstaða starfshópsins að rétt væri að nýir skattalegir hvatar yrðu lögfestir og gildandi hvatar endurskoðaðir, til að stuðla enn frekar að eflingu þeirrar mikilvægu starfsemi lögaðila sem er til almannaheilla og fellur undir þriðja geirann. Samkvæmt þingmálaskrá 151. löggjafarþings er nú áformað að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fram frumvarp á haustþingi 2020 um skattalega hvata til starfsemi sem telst starfa til almannaheilla og fellur undir þriðja geirann, þ.m.t. íþrótt- og æskulýðsstarfsemi.

Með lögum um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 25/2020, sem samþykkt voru í mars 2020, var íþróttafélögum jafnframt gert kleift að óska tímabundið eftir 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna við byggingu endurbætur eða viðhald mannvirkis og vegna hönnunar og eftirlits þess að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæðið gildir til og með 31. desember 2020. Þess ber að geta að áform stjórnvalda um framlengingu ákvæðisins um eitt ár hafa nú verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Í sama frumvarpi er jafnframt ráðgert að veita íþróttafélögum samsvarendi heimild, ótímabundið, en þó þannig að heimilt endurgreiðsluhlutfall nemi ekki hærra hlutfalli en 60% af vinnu manna.

Það er mat fjármála- og efnahagsráðuneytisins að ekki sé rétt að leggja til breytingar þess efnis að almenn þjónusta og vörusala íþrótt- og æskulýðsfélaga verði undanþegin virðisaukaskatti með vísan til jafnræðis- og samkeppnisástandna. Það sama á við um endurgreiðslu virðisaukaskatts af efniskostnaði vegna byggingar, endurbóta eða viðhalds á mannvirkjum.

### **Mennta- og menningarmálaráðuneyti.**

*Þingsályktun 47/145 um Laxnesssetur að Gljúfrasteini í Mosfellsbæ.*  
2. júní 2016 – þskj. 1488.

*Framkvæmd hafin.*

Hinn 22. desember 2016 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra vinnuhóp sem hafði það verkefni að fara yfir fyrirliggjandi gögn um hugmyndir um byggingu Laxnessseturs við Gljúfrastein, endurmeta þau með vísan til þingsályktunarinnar og jafnframt gera tillögur um næstu skref í málinu. Vinnuhópurinn hefur lokið störfum og skilaði skýrslu sinni til ráðuneytisins í október 2017. Ein tillaga starfshópsins vegna uppbyggingar Gljúfrasteins var að ríkið eignaðist Jónstótt og byggði þar upp á þeim grunni með endurbótum og endurbyggingu á húsnæði í samræmi við þarfir safnsins. Ríkissjóður keypti húseignina Jónstótt ásamt lóð árið 2019 og var Ríkiseignum falin umsjón með húsinu.

Í tillögu til þingsályktunar um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak frá fjármála- og efnahagsráðherra ályktaði Alþingi að fela fjármála- og efnahagsráðherra framkvæmd ráðstafana á grundvelli heimilda í fjáráukalögum fyrir árið 2020 um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Samþykkt var að veita samtals 64,6 millj. kr. til uppbyggingar á Jónstótt byggðri á kostnaðaráætlun sem unnin var fyrir Ríkiseignir. Framkvæmdir hófust um mitt sumar 2020 og áætluð verklok eru í mars 2021. Fjárveitingin dugar ekki til framkvæmda innan Jónstóttar og því þarf að taka upp þráðinn að nýju um uppbyggingu innanhúss fyrir starfsemi safnsins.

### Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (innanríkisráðuneyti til 1. maí 2017).

*Þingsályktun 21/145 um greiningu á möguleikum þess að móta sameiginlega langtímaáætlun fyrir samgöngur og innviði á Vestur-Norðurlöndum.*

16. mars 2016 – þskj. 1029.

*Framkvæmd ekki hafin.*

Samgöngur eru grunnstoð í vestnorrænu samstarfi. Þær gera löndin búsetuhæf og eru forsenda samkeppnishæfni landanna þriggja. Ekki er neitt formlegt samstarf um stefnu í uppbyggingu innviða eða samgöngum milli landanna. Engu að síður er vaxandi samstarf og gerðir hafa verið samningar um sameiginlega hagsmuni í flugi, flugumsjón og flugleiðsögu sem og vísir að auknu samstarfi um siglingar og vöruflutninga. Ljóst er að samstarf landanna á þessu sviði mun aukast með vaxandi flutningum, og með opnun nýrra siglingaleiða um norðurslóðir sem og aukins pólflegs mun samþætting í stefnu og samstarf verða sífellt mikilvægara.

Stigið hefur verið mikilvægt skref með því að Eimskip og grænlenka skipafélagið Royal Arctic Line hófu vorið 2019 samstarf um flutninga milli Íslands, Grænlands og Færeyja, undir hatti VSA (Vessel Sharing Agreement). Félögin munu í sameiningu standa fyrir byggingu á þremur 2150 gámacininga skipum. Nýju skipin, sem verða stærstu gámaskip sem Eimskip hefur haft í sinni þjónustu, eru sérstaklega hönnuð fyrir aðstæður í Norður-Atlantshafi og uppfylla skilyrði um siglingar á Polar code-svæðum. Með samstarfinu og stærri skipum næst fram stærðarhagkvæmni í rekstri ásamt því að nýju skipin verða umhverfisvænni og hagkvæmari. Tvö af skipunum verða í eigu Eimskips og en það þriðja í eigu Royal Arctic Line. Með samstarfinu tengist Grænland við alþjóðlegt siglingakerfi Eimskips og vikulegar siglingar opna mörg tækifæri fyrir grænlenkar vörur á alþjóðlegan markað.

Í júní 2020 hóf Tukuma Arctica, nýtt skip Royal Arctic Line, að sigla frá Danmörku til Íslands. Nýtt skip Eimskips, Dettifoss, kom inn í samstarfið í byrjun júlí 2020 þegar það sigldi frá Árósum til Íslands í fyrsta sinn. Áætlað er að seinni nýsmíði Eimskips, Brúarfoss, verði komin í þjónustu félagsins í október 2020. Frá og með þeim tíma verður samstarfið við Royal Arctic Line komið í fulla virkni.

*Þingsályktun 65/145 um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018.*

12. október 2016 – þskj. 1801.

*Framkvæmd lokið.*

Ný tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033 og verkefnaáætlun hennar 2019–2023 var afgreidd frá Alþingi 7. febrúar 2019. Unnið er að framkvæmd hennar.

### Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

*Þingsályktun 19/145 um landsskipulagsstefnu 2015–2026.*

16. mars 2016 – þskj. 1027.

*Framkvæmd hafin.*

Landsskipulagsstefna 2015–2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016. Með landsskipulagsstefnu er sett fram heildstæð stefna á landsvísi um skipulagsmál. Í landsskipulagsstefnu er mörkuð stefna um skipulag á miðhálandi Íslands, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á haf- og strandsvæðum. Landsskipulagsstefnu er fyrst og fremst framfylgt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög byggja á landsskipulagsstefnu við gerð aðal- og svæðisskipulags auk þess sem í landsskipulagsstefnu er lagður grundvöllur fyrir gerð strandsvæðisskipulags samkvæmt lögum um

skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018. Landsskipulagsstefna hefur einnig áhrif á áætlanir stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og byggðaðróun. Að auki felur landsskipulagsstefna í sér sérstök framfylgdarverkefni til að hrinda tilteknum markmiðum stefnunnar í framkvæmd. Í landsskipulagsstefnu 2015–2026 eru tilgreind ýmis verkefni til að stuðla að framfylgd stefnunnar og styðja skipulagsgerð sveitarfélaga. Haustið 2016 gaf Skipulagsstofnun út landsskipulagsstefnu 2015–2026, ásamt greinargerð. Í útgáfunni er efni þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015–2026 sett fram ásamt þeim skýringum við stefnuna sem er að finna í athugasemdum með þingsályktunartillögunni sem umhverfis- og auðlindaráðherra lagði fyrir Alþingi árið 2015. Stofnunin hefur einnig látið gera stutta kynningarmynd um landsskipulagsstefnu þar sem lýst er viðfangsefnum og áherslum stefnunnar í máli og myndum.

Vinna að framfylgdarverkefnum landsskipulagsstefnu kallar á náð og gott samráð og samstarf ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga og eftir atvikum annarra aðila. Í því skyni hefur Skipulagsstofnun stofnað samráðsvettvang sem er ætlað að stuðla að góðri upplýsingamiðlun og samráði við framfylgd stefnunnar. Eitt af framfylgdarverkefnum Landsskipulagsstefnu 2015–2026 var verkefni um skráningu mannvirkja og þjónustu á hálendinu, sem unnið var af Skipulagsstofnun í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og sveitarfélög á hálendinu. Verkefninu lauk með útgáfu skýrslu í ágúst 2018 um mannvirki á miðhálendinu þar sem dregin var upp mynd af núverandi stöðu fyrir hálendið í heild og einstök sveitarfélög.

Í júlí 2018 óskaði umhverfis- og auðlindaráðherra eftir því við Skipulagsstofnun að stofnunin ynni tillögur að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem sett yrði fram nánari stefna um þrjú viðfangsefni, loftslagsmál, landslag og lýðheilsu, í tengslum við framkvæmd skipulagsmála. Auk þess óskaði ráðherra eftir því að Skipulagsstofnun yfirfæri gildandi stefnu varðandi haf- og strandsvæði með tilliti til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Ráðherra setti fram tilteknar áherslur sem Skipulagsstofnun ber að fjalla um í tengslum við framangreind viðfangsefni. Í tengslum við landslagsáherslu nýs viðauka óskaði ráðherra t.d. eftir því að sett yrðu fram viðmið fyrir greiningu á óbyggðum víðernum, sem fylgi eftir aðgerð í gildandi landsskipulagsstefnu. Einnig var óskað eftir því að fjallað yrði um skipulag vindorkunýtingar með tilliti til landslags.

*Þingsályktun 48/145 um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum.*  
2. júní 2016 – þskj. 1496.

*Framkvæmd hafin.*

Ekki hefur verið skipaður sérstakur starfshópur til að gera skýrslu um efldar hafrannsóknir með tilliti til súrnunar hafsins, eins og þingsályktunin kveður á um. Hins vegar hefur vöktun og rannsóknir á súrnun hafsins verið eflað í samræmi við ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en þar hefur líka verið stuðst við efni og anda þingsályktunarinnar.

Ráðuneytið telur að rannsóknir og vöktun á súrnun sjávar hafi verið eflað að því marki að segja megi að orðið hafi verið við þeim tilmælum sem er að finna í þingsályktuninni.

Þriðja vísindaskýrsla á vegum íslenskra stjórnvalda um væntanleg áhrif loftslagsbreytinga á Ísland kom út í maí 2018. Að beiðni ráðuneytisins fjallaði nefndin sérstaklega um súrnun hafsins í skýrslunni. Í september 2019 undirrituðu ráðherra og forstjóri Hafrannsóknastofnunar samning sem felur í sér að efla vöktun á súrnun hafsins og áhrifum hennar á lífríki og vistkerfi í hafinu umhverfis Íslands. Hafrannsóknastofnun fékk 35 millj. kr. á árinu 2019 og 30 millj. kr. árlega á árunum 2020–2023, eða samtals 155 millj. kr., til þessa viðfangsefnis. Framlögum verður varið til kaupa á tækjabúnaði til þess að efla vöktun sem þegar á sér stað um sýrustig í hafi, en einnig til að hefja vöktun á botndýrum með tilliti til súrnunar sjávar.

Niðurstöðunum verður m.a. skilað til alþjóðlegra stofnana og samvinnuverkefna sem Ísland tekur þátt í, auk þess sem þær verða nýttar í reglulegar vísindaskýrslur um afleiðingar loftslagsbreytinga á Íslandi. Þátttaka Íslands í fjölþjóðlegri samvinnu varðandi súrnun sjávar hefur verið eflað, m.a. á vettvangi OSPAR-samningsins um vernd NA-Atlantshafsins.

Vinna um gerð stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum verður sett í gang haustið 2020. Þar er rétt að skoða möguleika á aðlögun að súrnun hafsins og áhrifum hennar á lífríkið, en rétt að taka fram að vísindamenn telja að afar erfitt sé að draga úr áhrifum súrnunar nema með því að ráðast að rótum vandans, þ.e. að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

### Utanríkisráðuneyti.

*Þingsályktun 16/145 um fríverslunarsamning við Japan.*

1. mars 2016 – þskj. 924.

*Framkvæmd hafin.*

EFTA-ríkin reyndu á fyrri hluta síðasta áratugar að fá Japani til að hefja fríverslunarviðræður, en Japanar höfðu ekki áhuga á slíkum viðræðum við EFTA-ríkin í heild, m.a. vegna þess að þeir vildu ekki opna markað sinn fyrir íslenskum og norskum sjávarafurðum. Á endanum fór svo að Sviss gerði eitt og sér fríverslunarsamning við Japan árið 2009.

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað farið þess á leit við japönsk stjórnvöld að hefja tvíhliða fríverslunarviðræður. Sérstakt átak var gert til að þoka þessum málum áfram frá árinu 2016, m.a. með fundum ráðherra og embættismanna ríkjanna sem leiddi til fyrsta tvíhliða samráðsfundar í Tókýó um hugsanlegar viðræður í júní 2019. Formlegar viðræður eru enn ekki hafnar en unnið er að undirbúningi næsta samráðsfundar.

*Þingsályktun 45/145 um stuðning Íslands við að koma á alþjóðlegu banni við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla.*

2. júní 2016 – þskj. 1486.

*Framkvæmd hafin.*

Málefnið er til umfjöllunar í sérfræðingahóp aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna (GGE), sem fundar reglulega. Starfið fer fram innan samningsins um sérstök hefðbundin vopn (Convention on Certain Conventional Weapons). Sérfræðingahópurinn starfar með vísun í ellefu leiðbeinandi meginreglur, en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um formlegar viðræður um samning. Ísland studdi ákall „Alliance for Multilateralism“, sem samþykkt var 26. september 2019 á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, um að ríki fylgi meginreglunum ellefu, sem skapa vinnuramma um þróun og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla. Ákvörðun um formlegar samningaviðræður koma til umfjöllunar á endurskoðunarráðstefnu CCW seinni hluta árs 2021.

Utanríkisráðuneytið fylgist með vinnu sérfræðingahópsins, en tekur ekki beinan þátt í starfi hans. Jafnframt er fylgst með vaxandi alþjóðlegri umræðu og örri tækniþróun er varðar málefnið. Reglubundið samráð norrænna afvopnunarsérfræðinga fjallar um stöðu mála varðandi vinnu sérfræðingahópsins.

*Dingsályktun 61/145 um fullgildingu samnings  
Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.*

20. september 2016 – þskj. 1693.

*Framkvæmd hafin.*

Samningurinn öðlaðist gildi 23. október 2016. Vinnuhópur sem lýtur forystu félagsmálaráðuneytisins hefur unnið að gerð fyrstu reglubundnu skýrslu til Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd samningsins. Er hún tilbúin í drögum og verið að þýða hana á ensku svo hægt sé að leggja hana fram. Sérstakur vinnuhópur á vegum stýrihóps Stjórnarráðsins um mannréttindi hefur einnig haft til skoðunar fullgildingu valkvæðs viðauka samningsins og gerir ráð fyrir að skila tillögum fljótlega.

*Dingsályktun 68/145 um stuðning við alþjóðasamþykktir  
um vernd heilbrigðisstarfsfólks á áttakavæðum.*

13. október 2016 – þskj. 1826.

*Framkvæmd hafin.*

Ísland hefur í samræmi við ályktunartextann verið málsvari fyrir vernd mannúðar- og heilbrigðisstarfsfólks á áttakavæðum sbr. ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2286 (2016) frá maí 2016. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland stutt ályktanir og ræður í öryggisráðinu, allsherjarþinginu og í undirnefndum SP. Í tengslum við ráðherraviku 74. allsherjarþingsins var haldinn fundur ríkjahóps um eflingu alþjóðasamvinnu sem Frakkland og Þýskaland leiða og tók Ísland þar undir ákall um virðingu fyrir mannúðarlögum sem vísaði einnig til vernd mannúðar- og heilbrigðisstarfsfólks. Venju samkvæmt studdi Ísland og gerðist meðflytjandi að ályktun um öryggi mannúðarstarfsfólks og vernd starfsfólks SP sem samþykkt var í allsherjarþinginu 16. desember 2019. Norðurlöndin fluttu tvær ræður í öryggisráðinu, annars vegar í umræðu um konur, frið og öryggi 29. október 2019 og hins vegar í umræðu um vernd borgara 27. maí 2020 þar sem vikið var að málefninu. Ísland tók undir ákall aðalframkvæmdastjóra SP um allsherjarvopnahlé og vernd mannúðarstarfs vegna COVID-19 m.a. þátttöku í stuðningsyfirlýsingu fjölda ríkja 30. mars 2020 og með þátttöku í bréfi ríkjahóps um eflingu alþjóðasamvinnu 11. maí 2020.

Í mannréttindaráði SP í Genf hafa einnig verið samþykktar ályktanir nokkrum sinnum um bæði Jemen og Sýrland, þar sem vikið er að mikilvægi þess að borin sé virðing fyrir mannúðarlögum á áttakavæðum, þ.m.t. með tilliti til verndar heilbrigðisstarfsfólks. Ísland hefur verið meðflutningsaðili umræddra ályktana.

*Dingsályktun 69/145 um aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu.*

13. október 2016 – þskj. 1827.

*Framkvæmd hafin.*

Utanríkisráðuneytið hefur verið í sambandi við Geimvísindastofnun Evrópu og átt fundi með starfsmönnum hennar, m.a. framkvæmdastjóra, í því augnamiði að safna upplýsingum um starfsemina, kostnað og þjóðréttarlegar skuldbindingar í samræmi við þingsályktunina.

Utanríkisráðuneytið hefur enn fremur sett á laggirnar starfshóp ráðuneyta, stofnana, fyrirtækja og háskólasamfélagsins til að vinna að framgangi ályktunarinnar. Þessir aðilar vinna nú að greiningu á ávinningi sem fylgt gæti hugsanlegri aðild. Viðræður við stofnunina fóru fram í febrúar 2019 og lagt hefur verið til að hefja samningaviðræður við stofnunina um gerð samstarfssamnings, sem er fyrsta skref í hugsanlegu aðildarferli.

**Þingsályktanir frá 2016 þar sem framkvæmd telst lokið og umfjöllun er óbreytt frá síðustu skýrslu.**

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.*

- Þingsályktun 22/145 um að styrkja samstarf við Grænland og Færeyjar um sjávarútvegs-  
mál, 16. mars 2016 – þskj. 1030.
- Þingsályktun 24/145 um stefnu um nýfjárfestingar, 16. maí 2016 – þskj. 1032.
- Þingsályktun 38/145 um áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá  
heildarafla skv. 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, 2. júní 2016 – þskj.  
1459.

*Dómsmálaráðuneyti (innanríkisráðuneyti til 1. maí 2017).*

- Þingsályktun 18/145 um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna, 15. mars 2016 –  
þskj. 1015 (sameiginleg með mennta- og menningarmálaráðuneyti).
- Þingsályktun 57/145 um endurskoðun laga um lögheimili, 7. september 2016 – þskj.  
1641.
- Þingsályktun 67/145 um framkvæmd fýsileikakönnunar á stofnun embættis umboðs-  
manns flóttamanna, 13. október 2016 – þskj. 1825.

*Félagsmálaráðuneyti (velferðarráðuneyti til 1. janúar 2019).*

- Nefndarálit með frávísunartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félags-  
lega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum (bifreiðastyrkir), 12. október 2016 –  
þskj. 1813.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti.*

- Þingsályktun 54/145 um fjármálastefnu fyrir árin 2017–2021, 18. ágúst 2016 – þskj.  
1557.
- Þingsályktun 55/145 um fjármálaáætlun fyrir árin 2017–2021, 18. ágúst 2016 – þskj.  
1558.

*Heilbrigðisráðuneyti (velferðarráðuneyti til 1. janúar 2019).*

- Þingsályktun 27/145 um skrá um sykursýki og skimun fyrir sykursýki, 28. apríl 2016 –  
þskj. 1203.
- Þingsályktun 28/145 um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára,  
29. apríl 2016 – þskj. 1217.
- Þingsályktun 43/145 um sólarhringsmeðferð í öndunarvél á heimili sjúklinga, 2. júní  
2016 – þskj. 1484.
- Þingsályktun 58/145, 8. september 2016, um aukinn stuðning vegna tæknifrjógvaga –  
þskj. 1642.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti.*

- Þingsályktun 18/145 um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna, 15. mars 2016 –  
þskj. 1015 (sameiginleg með dómsmálaráðuneyti (þá innanríkisráðuneyti)).
- Þingsályktun 41/145 um Lýðháskóla, 2. júní 2016 – þskj. 1482.
- Þingsályktun 44/145 um eflingu náms í mjólkurfræði, 2. júní 2016 – þskj. 1485.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (innanríkisráðuneyti til 1. maí 2017).*

- Nefndarálit með frávísunartillögu um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu áningar-  
staða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi. 2. júní 2016 – þskj. 1474 á 145. lögþ.
- Þingsályktun 49/145 um áhættumat vegna ferðamennsku, 2. júní 2016 – þskj. 1497.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.*

- Þingsályktun 46/145 um stofnun loftslagsráðs, 2. júní 2016 – þskj. 1487.

- Þingsályktun 50/145 um bann við notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum, 2. júní 2016 – þskj. 1498.

*Utanríkisráðuneyti.*

- Þingsályktun 10/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XIX. viðauka (Neytenda-vernd) við EES-samninginn, 23. febrúar 2016 – þskj. 876.
- Þingsályktun 11/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XIX. viðauka (Neytenda-vernd) við EES-samninginn, 23. febrúar 2016 – þskj. 877.
- Þingsályktun 12/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, 23. febrúar 2016 – þskj. 878.
- Þingsályktun 13/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 23. febrúar 2016 – þskj. 879.
- Þingsályktun 14/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 23. febrúar – þskj. 880.
- Þingsályktun 15/145 um fullgildingu stofnsamnings um Innviðafjárfestingabanka Asíu, 23. febrúar – þskj. 881.
- Þingsályktun 20/145 um greiningu á sameiginlegum ávinningi að vestnorrænum fríverslunarsamningi og vestnorrænu viðskiptaráði, 16. mars 2016 – þskj. 1028.
- Þingsályktun 25/145 um fullgildingu bókunar um aðild Lýðveldisins Gvatemala að fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna og Mið-Ameríkúríkjanna, 17. mars 2016 – þskj. 1044.
- Þingsályktun 29/145 um stuðning við umsókn Vestnorræna ráðsins um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu, 3. maí 2016 – þskj. 1231.
- Þingsályktun 30/145 um fullgildingu breytinga á Rómarsamþykktinni um Alþjóðlega sakamáladómstólinn viðvíkjandi glæpum gegn friði, 17. maí 2016 – þskj. 1292.
- Þingsályktun 31/145 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2016, 17. maí 2016 – þskj. 1293.
- Þingsályktun 32/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 25. maí 2016 – þskj. 1351.
- Þingsályktun 33/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, 25. maí 2016 – þskj. 1352.
- Þingsályktun 34/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 25. maí 2016 – þskj. 1353.
- Þingsályktun 35/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 25. maí 2016 – þskj. 1354.
- Þingsályktun 36/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, 25. maí 2016 – þskj. 1355.

- Þingsályktun 39/145 um staðfestingu viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafs-samninginn um aðild Svartfjallalands (Montenegro), 2. júní 2016 – þskj. 1462.
- Þingsályktun 59/145 um staðfestingu samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur, 13. september 2016 – þskj. 1664.
- Þingsályktun 60/145 um fullgildingu Parísarsamningsins, 19. september 2016 – þskj. 1682.
- Þingsályktun 62/145 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, 20. september 2016 – þskj. 1690.
- Þingsályktun 64/145 um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (evrópskar reglur um fjármálaeftirlit), 23. september 2016 – þskj. 1699.